1. Alifuglar (*Gallus domesticus* og kalkúnar) og útungunaregg þeirra sem koma frá EFTA-ríki eða EB-aðildarríki eða héruðum þeirra sem ekki hafa fengið viðbótarábyrgðir vegna TRT/SHS fyrir alifugla, samkvæmt 14. gr. gerðarinnar sem um getur í 4. lið I. kafla í I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan bandalagsins og innflutning á alifuglum og útungunareggjum frá þriðju löndum (tilskipun ráðsins 90/539/EBE), og senda á til EFTA-ríkis eða héraðs sem um getur í viðauka A við þessa ákvörðun, verða að uppfylla eftirtalin skilyrði:

1.1 Útungunaregg verða að koma úr hópum sem

- hafa ekki verið bólusettir gegn TRT/SHS,
- sermipróf gegn TRT/SHS hafa verið gerð á á næstliðnum 12 mánuðum og prófniðurstöður sýna, með 95% líkum, að algengi mótefna gegn TRT/SHS fer ekki yfir 5% og
- hafa ekki sýnt nein klínísk, sermifræðileg eða meinafræðileg merki um TRT/SHS samkvæmt opinberum upplýsingum næstliðna 12 mánuði.

1.2 Dagsgamlir kjúklingar skulu

- ekki hafa verið bólusettir gegn TRT/SHS,
- koma úr hópum sem uppfylla skilyrðin í lið 1.1 og
- koma frá klakstöð þar sem tryggt er með starfsháttum að slík egg kleikist á öðrum tíma og öðrum stað en egg sem ekki uppfylla skilyrðin í lið 1.1.

1.3 Alifuglar til ræktunar og framleiðslu skulu

- ekki vera bólusettir gegn TRT/SHS,
- koma frá starfsstöð þar sem engin bólusetning gegn TRT/SHS hefur farið fram í 12 mánuði fyrir sendingu,
- hafa verið í einangrun í 14 daga fyrir sendingu undir eftirliti opinbers dýralæknis, og á einangrunarstað skulu engir alifuglar hafa verið bólusettir gegn TRT/SHS og engir alifuglar hafa komið inn á einangrunartímabilinu,
- koma frá starfsstöð þar sem engin klínísk, sermi-fræðileg eða meinafræðileg merki um TRT/SHS hafa komið fram samkvæmt opinberum upplýsingum á næstliðnum 12 mánuðum og
- látnir gangast undir sermiþróf gegn TRT/SHS á einangrunartímabilinu og skulu prófniðurstöður sýna, með 95% líkum, að algengi mótefna gegn TRT/SHS fer ekki yfir 5%.

1.4 Alifuglar til slátrunar skulu fluttir beint í slátruhús.

2. Eftirfarandi skal tekið fram í heilbrigðisvottorðinu, sem kveðið er á um í IV. viðauka við alifuglagerðina, fyrir

alifugla og útungunaregg sem send eru til EFTA-ríkis eða héraðs þess sem um getur í viðauka A við þessa ákvörðun:

„alifuglar eða útungunaregg samkvæmt ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 195/94/COL frá 30. nóvember 1994 um viðbótarábyrgðir vegna TRT/SHS í alifuglum sem senda á til ákveðinna EFTA-ríkja sem um getur í viðauka A við sömu ákvörðun.“

3. EFTA-ríkin sem um getur í viðaukanum skulu leggja fyrir eftirlitsstofnun EFTA ársskýrslu um eftirlit með aðstæðum hvað varðar TRT/SHS. Skýrsluna skal leggja fram í síðasta lagi 1. apríl næsta ár.
4. Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. desember 1994.
5. Ákvörðun þessari er beint til EFTA-ríkjanna.
6. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 30. nóvember 1994.

Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

Pekka Säilä

stjórnarmaður

VIÐAUKI

A. Héruð sem eru laus við SHS/TRT og leyfa ekki bólusetningu:

Finnland: Öll héruð

Svíþjóð: Öll héruð

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA
nr. 196/94/COL
frá 30. nóvember 1994

94/EES/59/10

um viðbótarábyrgðir vegna EDS-76 (egg drop syndrome-76) fyrir alifugla sem senda á til ákveðinna EFTA-ríkja

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, einkum 17. gr. og d-lið 4. mgr. í bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni sem vísað er til í 4. lið I. kafla í I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan bandalagsins og innflutning á alifuglum og útungunareggjum frá þriðju löndum (tilskipun ráðsins 90/539/EBE; hér á eftir nefnd alifuglagerðin), einkum 14. gr.,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr. og c-lið 1. gr. bóknar 1,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Svíþjóð telur, eins og greint er frá í bréfum dagsettum 14. desember 1993, 27. apríl og 23. september 1994, að yfirráðasvæði sitt sé laust við EDS-76 í alifuglum og hefur bólusetning gegn EDS-76 verið bönnuð þar í meira en ár.

Svíþjóð hefur lagt fyrir eftirlitsstofnun EFTA fylgiskjöl eins og kveðið er á um í 1. mgr. 14. gr. alifuglagerðarinnar.

Svíþjóð hefur tekið að sér að hafa eftirlit með aðstæðum með árlegum könnunum og að leggja árlega fyrir eftirlitsstofnun EFTA skýrslu um niðurstöður varðandi EDS-76.

Svíþjóð beitir innanlands reglum um flutning alifugla sem eru að minnsta kosti jafngildar reglum þessarar ákvörðunar.

Ekki má krefjast viðbótarábyrgðanna sem kveðið er á um í þessari ákvörðun af EFTA- ríkjum eða héruðum þeirra sem sjálf eru talin laus við EDS-76.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit EFTA-nefndarinnar um dýralækningar sem er eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. Alifuglar (*gallus domesticus*) og útungunaregg þeirra sem koma frá EFTA-ríki eða EB-aðildarríki eða héruðum þeirra sem ekki hafa fengið viðbótarábyrgðir vegna EDS-76, samkvæmt 14. gr. gerðarinnar sem um getur í 4. lið I. kafla í I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan bandalagsins og innflutning á alifuglum og útungunareggjum frá þriðju löndum (tilskipun ráðsins 90/539/EBE), og senda á til EFTA-ríkis eða héraðs sem um getur í viðauka A við þessa ákvörðun, verða að uppfylla eftirtalin skilyrði:

1.1 Útungunaregg verða að koma frá hópum sem

- hafa ekki verið bólusettir gegn EDS-76,
- sermipróf gegn EDS-76 hafa verið gerð á á næstliðnum 12 mánuðum og prófníðurstöður sýna, með 95% líkum, að algengi mótefna gegn EDS-76 fer ekki yfir 5% og
- hafa ekki sýnt nein klínísk, sermifræðileg eða meinafræðileg merki um EDS-76 samkvæmt opinberum upplýsingum næstliðna 12 mánuðum.

1.2 Dagsgamlir kjúklingar skulu

- ekki hafa verið bólusettir gegn EDS-76,
- koma úr hópum sem uppfylla skilyrðin í lið 1.1 og
- koma frá klakstöð þar sem tryggt er með starfsháttum að slík egg klekist á öðrum tíma og öðrum stað en egg sem ekki uppfylla skilyrðin í lið 1.1.

1.3 Alifuglar til ræktunar og framleiðslu skulu

- ekki vera bólusettir gegn EDS-76,
- koma frá starfsstöð þar sem engin bólusetning gegn EDS-76 hefur farið fram í 12 mánuði fyrir sendingu,
- hafa verið í einangrun í 14 daga fyrir sendingu undir eftirliti opinbers dýralæknis, og á einangrunarstað skulu engir alifuglar hafa verið bólusettir gegn EDS-76 og engir alifuglar hafa komið inn á einangrunar-tímabilinu,

- látnir gangast undir sermipróf gegn EDS-76 á einangrunartímabilinu og skulu prófnidurstöður sýna, með 95% líkum, að algengi mótefna gegn EDS-76 fer ekki yfir 5% og
- koma frá starfsstöð þar sem engin klínísk, sermifræðileg eða meinifræðileg merki um EDS-76 hafa komið fram samkvæmt opinberum upplýsingum á næstliðnum 12 mánuðum.

1.4 Alifuglar til slátrunar skulu fluttir beint í sláturhúsið.

2. Eftirfarandi skal koma fram í heilbrigðisvottorðinu, sem kveðið er á um í IV. viðauka við alifuglagerðina, fyrir alifugla og útungunaregg sem send eru til EFTA-ríkis eða héraðs þess sem um getur í viðauka A við þessa ákvörðun:

„alifuglar eða útungunaregg samkvæmt ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 195/94/COL frá 30. nóvember 1994 um viðbótarábyrgðir vegna EDS-76 í alifuglum sem senda á til ákveðinna EFTA-ríkja sem um getur í viðauka A við sömu ákvörðun.“

3. EFTA-ríkin sem um getur í viðaukanum skulu leggja fyrir eftirlitsstofnun EFTA ársskýrslu um eftirlit með aðstæðum hvað varðar EDS-76. Skýrsluna skal leggja fram í síðasta lagi 1. apríl næsta ár.
4. Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. desember 1994.
5. Ákvörðun þessari er beint til EFTA-ríkjanna.
6. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 30. nóvember 1994.

Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

Pekka Säilä

stjórnarmaður

VIÐAUKI

A. Hérúð sem eru laus við EDS-76 og leyfa ekki bólusetningu

Svíþjóð: Öll hérúð

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA
nr. 336/94/COL
frá 30. desember 1994

94/EES/59/11

um einkarétt á rekstri leikjavéla í Finnlandi

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (hér á eftir nefndur EES-samningurinn), einkum 1. og 3. mgr. 59. gr.,

með hliðsjón af 2. mgr. 5. gr. í samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (hér á eftir nefndur samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn),

eftir að hafa gefið finnsku ríkisstjórninni og fyrirtækinu Raha-automaattiyhdistys (Peningautomatföringen; hér á eftir nefnt RAY) kost á að koma athugasemdum sínum varðandi málið á framfæri,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK OG MÁLSMEÐFERÐ

1. Í 1. hluta finnsku laganna frá 27. maí 1976 um leikjavélar (laki ajanvieteaumateista, 426/76; hér á eftir nefnd lögini um leikjavélar) er leikjavél skilgreind sem vél eða spilataeki sem almenningur hefur aðgang að gegn greiðslu og þar sem hvorki eru í boði vinningar í reiðufé eða vörum né nokkur annar vinningur sem hafa má af peningalegan hagnað.

Í 1. mgr. 2. hluta laganna er kveðið á um að eingöngu sé heimilt að veita samtökum sem stofnuð eru samkvæmt opinberum rétti og um getur í lögnum um happdrætti frá 1. september 1965 (arpajaislaki, 491/65; hér á eftir nefnd lögini um happdrætti) leyfi til að hafa leikjavélar, í skilningi 1. hluta laganna, sem almenningur hefur aðgang að og hafa þau ein leyfi til að reka spilavélar í því skyni að afla fjár með starfsemi sinni enda er það tilgangur samtakanna. Samkvæmt 2. mgr. 2. hluta sömu laga á þetta ekki við um glymskratta (sem oft eru kallaðir „jukeboxes“), né heldur um leikjavélar og spilataeki á torgskemmtunum eða útiskemmtistöðum.

Samkvæmt 3. mgr. 1. hluta reglugerðar frá 29. desember um spilakassa (raha-automaattiasetus, 676/76; hér á eftir nefnd reglugerðin um spilakassa) eru samtökin sem um getur í lögnum um happdrætti fyrirtækið RAY. Í

reglugerðinni er mælt fyrir um verkefni og stjórnun RAY. Markmið RAY er að afla fjár í þágu almannahagsmuna eins og kveðið er á um í 4. mgr. 3. hluta laganna um happdrætti.

Stjórnarnefnd RAY er skipuð formanni, tveimur varaformönnum og ellefu öðrum nefndarmönnum. Ríkisráðið hefur rétt til að tilnefna formann, fyrsta varaformann og fimm aðra nefndarmenn. Í nefndinni skal vera einn fulltrúi frá félags- og heilbrigðisráðuneytinu, einn frá innanríkisráðuneytinu og einn frá fjármálaráðuneytinu.

2. Samkvæmt 4. mgr. 3. hluta laganna um happdrætti, einkum 1. hluta reglugerðarinnar um spilakassa, hefur RAY einnig einkarétt samkvæmt lögum á ákveðinni tegund af fjárhættuspili eða „raunverulegu“ peningaspili. Það eitt hefur leyfi til að reka spilavélar sem almenningur hefur aðgang að þar sem vinningar í boði eru peningar eða merki sem hægt er að fá skipt í reiðufé, spilavélar sem almenningur hefur aðgang að þar sem vinningar í boði eru vörur eða merki sem hægt er að fá skipt í vörur, með ákveðnum takmörkunum, svo og að skipuleggja og reka spilavíti.
3. Í reglugerðinni um spilakassa eru ákvæði um ráðstöfun á hagnaði af RAY (29. til 32. hluti reglugerðarinnar). Grundvallarreglan er sú að allur ágóði fer sem fjárveiting inn á ríkisfjárlög og skal úthlutað af ríkisráðinu, að tillögu félags- og heilbrigðisráðuneytisins, til samtaka sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og stofnana sem reknar eru í ákveðnum tilgangi samkvæmt reglugerðinni. Þó skal ekki veita styrk til að greiða kostnað sem ríki, sveitarfélagi eða trúarreglu ber að standa undir.
- Velta RAY árið 1993 var 2 039 milljónir FIM og þar af voru 1 842,1 milljón FIM sem tengdust spilakössum og 69,9 milljónir FIM leikjavélum. Heildarágóði nettó var 1 151,9 milljónir FIM.
4. Atvinnustarfsemin er um ræðir felur í sér rekstur leikjavéla sem almenningur hefur aðgang að gegn þóknun⁽¹⁾.
5. Í kjölfar kvartana varðandi m.a viðskipti með leikjavélar hefur eftirlitsstofnun EFTA beðið finnsku ríkisstjórnina um frekari upplýsingar og gefið henni kost á að senda

⁽¹⁾ Þess skal getið hér til frekari upplýsinga að RAY er með vélar bæði í eigin leiktækjasölum og á svæðum sem það leigir á vínveitingastöðum, bensínstöðvum og öðrum almenningsstöðum.

athugasemdir sínar varðandi málið í bréfum frá 10. febrúar 1994 (1335 D) og 7. júlí 1994 (9868 D). Í bréfi frá 26. október 1994 (15780 D), hvatti eftirlitsstofnunin finnsku ríkisstjórnina til að gera tafarlaust viðeigandi ráðstafanir til að aðlaga löggjöf um leikjavélar að EES-samningnum. Í bréfi dagsettu 1. desember 1994 (17496 D) til finnskra stjórnvalda, lýsti eftirlitsstofnun EFTA sig reiðubúna til að samþykkja ákvörðun samkvæmt 3. mgr. 59. gr. réði Finnland ekki þegar í stað bót á ástandinu. Í bréfi dagsettu 1. desember 1994 (17496 D) var RAY greint frá málinu og fyrirtækinu gefinn kostur á að koma athugasemdum sínum á framfæri.

Eftirlitsstofnun EFTA bárust svör við bréfunum frá 1. desember 1994 frá Finnlandi og frá RAY þann 19. desember 1994. Í svari sínu minnti finnska ríkisstjórnin á að þann 28. október 1994 var lagt fram frumvarp til laga fyrir finnska þingið um að láta nýja löggjöf, þar sem umræddur einkaréttur væri afnuminn, koma í stað laganna um leikjavélar. Samt sem áður hélt finnska ríkisstjórnin því fram að nauðsynlegt væri að nýja löggjöfin öðlaðist gildi aðeins þremur mánuðum eftir samþykkt hennar og birtingu, þannig að unnt væri að samþykkja og koma í framkvæmd ákveðnum eftirlitsaðgerðum áður en gildistakan ætti sér stað. Því gæti nýja löggjöfin öðlast gildi þann 1. maí 1995.

Í svari sínu lýsti RAY því yfir að það legðist ekki gegn því að umræddur einkaréttur yrði lagður niður en taldi að tímaáætlun lagafrumvarpsins væri ákvörðuð af þáttum sem væru utan valdsviðs þess. RAY lagði áherslu á að nauðsynlegt væri að hafa eftirlit með spilastarfseminni. Að lokum lýsti RAY því yfir að það teldi að lögum um leikjavélar væru ekki augljóslega í andstöðu við EES-samninginn.

II. LÖGFRÆÐILEGT MAT

6. Í 31. gr. EES-samningsins er meðal annars kveðið á um að engin höft skulu vera á rétti ríkisborgara ríkis sem á aðild að EES-samningnum til að öðlast staðfestu í öðru ríki sem aðild á að samningnum.

Í 36. gr. EES-samningsins er meðal annars kveðið á um að engin höft skulu vera á rétti til að veita þjónustu á yfirráðasvæði samningsaðila að því er varðar ríkisborgara ríkis sem aðild á að EES-samningnum.

Í 59. gr. EES-samningsins er meðal annars kveðið á um að eigi í hlut opinber fyrirtæki, og fyrirtæki sem ríki sem aðild á að EES-samningnum veitir sérstök réttindi eða einkarétt, skuli samningsaðilar tryggja að hvorki séu gerðar né viðhaldið nokkrum þeim ráðstöfunum sem fara í bága við reglur EES-samningsins, einkum þær reglur sem kveðið er á um í 4. gr. og 53. til 63. gr. Samkvæmt 3. mgr. 59. gr. skal eftirlitsstofnun EFTA tryggja, innan síns valdsviðs, að ákvæðum 59. gr. sé beitt og gera, eftir því sem þörf krefur, viðeigandi ráðstafanir gagnvart þeim ríkjum sem eru á yfirráðasvæði hennar.

Samkvæmt e-lið 2. mgr. 1. gr. EES-samningsins er þörf á að koma á kerfi sem tryggi að samkeppni raskist ekki og að reglur þar að lútandi verði virtar af öllum svo unnt sé að ná markmiðum samningsins.

7. Umkvörtunaraðilar hafa bent eftirlitsstofnun EFTA á þá staðreynd að leikjavélar þar sem ekki eru í boði efnislegir vinningar eru í meginatriðum ólíkar leikjavélum þar sem í boði eru efnislegir vinningar.

Eftirlitsstofnun EFTA telur að þessar tvær tegundir af þjónustu séu í eðli sínu ólíkar þar sem spilavélar veita vinninga í reiðufé eða í virði peninga á meðan leikjavélar eru eingöngu til skemmtunar þar sem engir efnislegir vinningar eru í boði. Örvunarþátturinn er því verulega mismunandi í þessum tveimur hópum, jafnvel þó að báðir kunni á vissan hátt hafa ákveðið aðráttarafl eða jafnvel vera vanabindandi. Þátttakanda í leiknum hlýtur að vera ljóst að þjónustan er markaðssett á mismunandi hátt enda þótt unnt sé að finna sambærilega þætti t.d. hvernig starfsemin er skipulögð, hvernig vélarinnar líta út svo og hvað varðar staðina þar sem vélnum er komið upp eða svipaðar kringumstæður.

Með hliðsjón af mismuninum á rekstri leikjavéla og spilavéla í núverandi mynd hefur eftirlitsstofnun EFTA komist að þeirri niðurstöðu að önnur fyrirtæki en þau sem reka spilavélar geti rekið leikjavélar einar og sér. Líta ber á markaðinn með leikjavélar sem aðliggjandi markað við markaðinn með spilavélar en þó aðskilinn. Ástæður sem unnt er að nota til að réttlæta að einkarétti án mismununar sé viðhaldið í rekstri spilavéla í núverandi mynd, svo sem siðferðilegir, trúarlegir og menningarlegir þættir sem tengjast fjárhættuspili, hætta á glæpum og svikum, sú staðreynd að fjárhættuspil hvetur til fjárútláta sem kunna að skaða einstaklinga og hafa félagslegar afleiðingar svo og sú staðreynd að skipulegt fjárhættuspil kann að fjármagna að miklu leyti starfsemi sem er tengd sjálfboðavinnu eða er í þágu almannahagsmuna⁽²⁾, gilda ekki um starfsemi tengda leikjavélum.

8. Fyrirtækið RAY lýtur sérstökum lögum svo sem greint er frá hér að framan. Finnska ríkisstjórnin hefur töluverð áhrif á stefnu þess og stjórnun einnig með því að nýta sér þann rétt sem hún hefur til þess að tilnefna helming stjórnarinnar þar með talinn formann hennar. Af þessu sökum fellur RAY undir skilgreininguna á fyrirtæki í skilningi 1. mgr. 59. gr. EES-samningsins. Lög um leikjavélar fela í sér ráðstafanir í skilningi 59. gr. EES-samningsins.

9. Ekki er unnt að réttlæta einkaréttinn sem veittur var RAY til að reka leikjavélar sem almenningur hefur aðgang að af ástæðum er varða sérstakt eðli fjárhættuspila. Með því að veita RAY einkarétt í raun til að reka leikjavélar sem

⁽²⁾ Sjá dóm dómstóls Evrópubandalaganna í máli C-275/92 *Schindler*, [1994], dómarsafn I-1039.

almennigur hefur aðgang að gegn greiðslu, án þess að þar liggja að baki nauðsyn eða réttlætning sem er hlutlægs eðlis, og gera þannig öðrum fyrirtækjum ókleift að reka slíka atvinnustarfsemi í hvaða formi sem er í Finnlandi, þá er Finnland að brjóta gegn 1. mgr. 59. gr. EES-samningsins, samanber einnig 31. og 36. gr. EES-samningsins, sem kveður á um staðfesturétt og rétt til að veita þjónustu.

10. Einkarétturinn sem um ræðir raskar einnig samkeppni á kostnað fyrirtækja frá öðrum ríkjum sem aðild eiga að EES-samningnum. Því er einkarétturinn ósamrýmanlegur markmiði e-liðar 2. mgr. 1. gr. EES-samningsins um að koma á kerfi sem tryggir að samkeppni raskist ekki sem einkum á að nást með því að virða meginreglur 53. og 54. gr. EES-samningsins.
11. Finnsla ríkisstjórnin virðist hafa samþykkt þá skuldbindingu að breyta löggjöfinni með því að afnema einkarétt sem RAY var veittur til þess að reka leikjavélar sem almennigur hefur aðgang að. Finnsla ríkisstjórnin hefur gefið til kynna í bréfum til eftirlitsstofnunar EFTA að innlendra löggjöf verði breytt í samræmi við það og hefur lagt fram frumvarp til laga fyrir þingið í því skyni. Finnsla ríkisstjórnin heldur samt sem áður fast við að gildistöku dagur nýju löggjafarinnar verði 1. maí 1995.
12. Í EES-samningnum er ekki gert ráð fyrir aðlögunartímabili í tilviki sem þessu á meðan verið er að aðlaga innlendra löggjöf um veitingu einkaréttar, þar sem slík aðlögun er nauðsynleg. Því hefði átt að samræma finnsla löggjöf þannig að hún samrýmdist EES-samningnum við gildistöku

EES-samningsins, þ.e. frá 1. janúar 1994. Nauðsynlegar breytingar hafa enn ekki verið samþykktar. Eftirlitsstofnun EFTA sér engar ástæður sem kunna að réttlæta frekari drátt á að binda enda á þetta brot.

Af framangreindum ástæðum telur eftirlitsstofnun EFTA nauðsynlegt að bera fyrir sig 59. gr. EES-samningsins til þess að knýja á að Finnland geri nauðsynlegar ráðstafanir í þessu skyni.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Finnsku lögin frá 27. maí 1976 um leikjavélar (laki ajanvieteautomateista, 426/76) samrýmast ekki 1. mgr. 59. gr. EES-samningsins, samanber einnig 1. mgr. 31. gr. og 36. gr. EES-samningsins, að svo miklu leyti sem þau kveða á um einkarétt til að reka leikjavélar sem eru aðgengilegar almennig gegn greiðslu.

2. gr.

Finnland skal gera allar nauðsynlegar lagalegar eða stjórnsýslulegar ráðstafanir til að binda enda á brotið eins fljótt og kostur er. Finnland skal tilkynna eftirlitsstofnun EFTA innan eins mánaðar frá tilkynningardegnum um þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að fara að þessari ákvörðun.

3. gr.

Þessari ákvörðun sem er fullgild á ensku er beint til Lýðveldisins Finnlands.

Gjört í Brussel 30. desember 1994.

Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

Knut Almestad

forseti eftirlitsstofnunar EFTA

**Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. II. kafla bókunar 4 við 94/EES/59/12
samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og
dómstóls varðandi mál COM 020.0018 - Holmsund Golv AB**

A. Umsókn og tilkynning

1. Þann 30. júní 1994 barst eftirlitsstofnun EFTA umsókn samkvæmt 2. gr. og tilkynning samkvæmt 4. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (ESE-samninginn) um tvo samninga milli Holmsund Golv AB (Holmsund) og Armstrong World Industries Ltd. (Armstrong UK) um dreifingu á tilteknum gólf dúkum úr plasti. Einnig var tilkynnt um samning milli Holmsund og Golv-Gripen AB (Golv-Gripen), annars vegar, og Armstrong World Industries Inc (Armstrong USA), hins vegar, um sameiginlega vöruþróun.

B. Málstaðilar

2. Holmsund og Golv-Gripen eru bæði hlutafélög skráð í Svíþjóð og tilheyra sænsku samstæðunni Skåne-Gripen AB (Skåne-Gripen). Armstrong UK er skráð í Breska konungsríkinu. Armstrong USA er hlutafélag í Pennsylvaníu, Bandaríkjunum. Öll þessi fyrirtæki annast framleiðslu á gólfefnum.
3. Golv-Gripen er einnig móðurfyrirtæki Leksells Golv AB sem annast heildsölu á gólfklæðningu og AB Gustaf Kähr sem framleiðir parket á gólf. Skåne-Gripen er skráð hlutafélag og er markaðsverð þess gefið upp á verðbréfamarkaðinum í Stokkhólmi. Stærsti hluthafi þess þann 31. desember 1993 var Investment AB Cardo með 32,6% atkvæði og 15,4% af eigin fé. Meirihluti atkvæða og eigin fjár dreifist á milli lítilla einkafjárfesta.
4. Armstrong UK er dótturfyrirtæki að fullu í eigu Armstrong USA sem er skráð á verðbréfamarkaðinum í New York. Eftirlitsstofnun EFTA skortir upplýsingar um hvernig Armstrong-samstæðan skiptist milli eigenda.
5. Heildarvelta Skåne-Gripen er 4.748 milljónir SEK. Eftirlitsstofnun EFTA skortir upplýsingar um heimsveltu allrar Armstrong-samstæðunnar.

C. Samningarnir

6. Með dreifingarsamningi sem gerður var þann 14. apríl 1994 tilnefnið Holmsund fyrirtækið Armstrong UK sem einkadreifingaraðila sinn um allan heim, fyrir utan Danmörku, Finnland, Noreg og Svíþjóð. Fyrirtækið Armstrong UK er tilnefnt sem einkaumboðsaðili fyrirtækisins í Danmörku og Finnlandi.
7. Þessi samningur milli Holmsund og Armstrong UK varðar slitþolna gólfklæðningu. Hann gildir til 31. desember 1996 en eftir það er kveðið á um sjálfkrafa framlengingu hans til tveggja ára í senn.
8. Með dreifingarsamningi sem gerður var 11. maí 1994 tilnefnið Armstrong UK fyrirtækið Holmsund sem einkadreifingaraðila sinn fyrir neytendur í Svíþjóð.
9. Með viðbótarsamkomulagi í bréfi („Letter Settlement“) sem vísað er til í fyrsta samningnum og er frá 12. apríl 1994, og að því er varðar Frakkland 11. maí 1994, er fyrirtækið Armstrong UK tilnefnt sem almennur umboðsaðili Holmsunds í Noregi, almennur umboðsaðili þess í Breska konungsríkinu og einkadreifingaraðili þess í Frakklandi að því er varðar tilteknar samningsvörur.
10. Í báðum dreifingarsamningunum skuldbinda samningsaðilar sig til að veita viðkomandi birgjum upplýsingar um smásöluverð sitt.

11. Með samningnum um sameiginlega vöruþróun gerðu Armstrong USA, annars vegar, og Holmsund og Golv-Gripen, hins vegar, með sér samning að því er varðar sameiginlega sölu á nýjum gólfefnum. Hann tekur til alls heimsins. Enn er engin söluvara til. Þegar söluvörur hafa verið þróaðar sameiginlega veitir samningurinn Holmsund leyfi, án einkaleyfisþóknunar, til að framleiða fyrir allt Evrópska efnahagssvæði og Sviss í fimm ár, og á sama hátt er Armstrong UK veitt framleiðsluleyfi fyrir öll önnur lönd.
12. Í vöruþróunarsamningnum er að finna ákvæði varðandi samningslok þess efnis að hvorugur „samningsaðilanna“ skuli eftir að samningnum lýkur ráðstafa „vöruþróunartækninni“ í þágu þriðja aðila án þess að hafa fyrst gefið hinum aðilanum kost á að neyta forkaupsréttar. Þessi ráðstöfun sem sameiginlegt eftirlit er haft með gildir um óákveðinn tíma.

D. Varan og markaðurinn

13. Tilkynningin varðar eingöngu gólfklæðningu úr fjölliðuefni. Með gólfklæðningu er einnig átt við gólfhluta.
14. Gólfklæðningu úr fjölliðuefni má skipta í tvo vöruhópa: Slitþolna gólfklæðningu og gólfklæðningu til neytenda. Slitþolin gólfklæðning er endingargóð og ætluð til notkunar í langan tíma án þess að tekið sé mið af neytendum. Slitþolin gólfklæðning er lögð af þjálfuðum starfsmönnum og afhent í stuttum rúllum sem eru ekki meira en tveir metrar á breidd. Starfsmenn sem sjá um skurð og brúnir nota sérstök verkfæri við verkið. Gólfklæðning fyrir salerni og baðherbergi, óháð því hvar hún er lögð, telst slitþolin gólfklæðning. Gólfklæðning til neytenda er ætluð fyrir einkaheimili. Unnt er að nota venjuleg verkfæri við skurð og frágang á brúnum. Breidd rúllunnar er aldrei meiri en fjórir metrar. Rangan á gólfklæðningu til neytenda er alla jafna mjúk, til dæmis klædd svampfjölliðuefni.
15. Armstrong-samstæðan miðar framleiðslu sína við gólfklæðningu til neytenda en Skåne-samstæðan við slitþolna gólfklæðningu. Þó annast báðar samstæðurnar einhverja takmarkaða starfsemi á framleiðsluviði hinnar samstæðunnar.
16. Ársmarkaðurinn innan EES fyrir slitþolna gólfklæðningu er 100 milljónir m² og fyrir gólfklæðningu til neytenda 200 milljónir m².
17. Samkvæmt fyrirtækjunum sem að tilkynningunni standa er mikil samkeppni á markaðinum. Fjögur til fimm stærstu fyrirtækjanna eru metin á bilinu 10-15% í báðum framleiðslusamstæðunum. Samkeppnisaðilar fyrirtækjanna sem að tilkynningunni standa í gólfklæðningu til neytenda og slitþolinu gólfklæðningu eru fyrirtækin: Forbo (hollenskt-sænskt), Sommer (franskt), Gerland (franskt) og Tarkett-Pegulan (sænskt-þýskt). Finnsla fyrirtækið Upofloor og þýska fyrirtækið DLW gegna einnig mikilvægu hlutverki á markaðinum með slitþolna gólfklæðningu.
18. Markaðshlutur Holmsund fyrir slitþolna gólfklæðningu innan EES, að Svíþjóð undanskilinni, er langt undir þessum mörkum. Í Svíþjóð er markaðshlutur Holmsunds hvað varðar slitþolna gólfklæðningu metinn 15-20%. Markaðshlutur Holmsunds hvað varðar gólfklæðningu til neytenda innan EES er nánast enginn.
19. Markaðshlutur Armstrong UK innan EES hvað varðar plastgólfduka í rúllum eða í formi flísa er innan við 5%. Markaðshlutur þess hvað varðar slitþolna gólfklæðningu er innan við 5%.

F. Áform eftirlitsstofnunar EFTA

20. Eftirlitsstofnun EFTA hefur ekki fundið neitt sem bendir til þess að landfræðilegi markaðurinn sé þengri en Evrópska efnahagssvæðið.
21. Eftirlitsstofnun EFTA telur, með hliðsjón af þeim upplýsingum sem hún hefur undir höndum, að samkeppnisaðstaða á markaðinum fyrir plastgólfduka í rúllum eða í flísaformi sé sterk innan EES. Sú staðreynd að nokkur fyrirtæki eru svo til jafn áhrifamikil á markaðinum styður þessa niðurstöðu. Markaðshluttur fyrirtækja sem tilkynntir samningar varða er meðalstór. Því virðast hugsanleg takmarkandi áhrif samninganna vera lítil.
22. Eftirlitsstofnun EFTA áformar að taka jákvæða afstöðu til samninganna sem stuttlega er fjallað um hér að framan. Áður en það er gert gefur hún hagsmunaaðilum kost á að senda athugasemdir sínar, innan mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar og tilgreina tilvísunarnúmer COM 020.0018, á eftirfarandi heimilisfang:

EFTA Surveillance Authority
Competition Directorate
1-3 Rue Marie-Thérèse,
B-1040 Brussels

Orðsending frá eftirlitsstofnun EFTA um fjórðu breytingu á 94/EES/59/13 „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar“

Með ákvörðun frá 19. október 1994 breytti eftirlitsstofnun EFTA „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar“⁽¹⁾, sem voru teknar upp 19. janúar 1994⁽²⁾ og síðast breytt 31. ágúst 1994⁽³⁾, svo sem hér segir:

Í stað 16. kafla í leiðbeiningunum á sviði ríkisaðstoðar komi eftirfarandi:

„16. Aðstoð til björgunar og endurskipulagningar fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum⁽⁴⁾

16.1. Inngangur

- 1) Í samningnum um evrópska efnahagssvæðið er þörfin á viðtæku og styrku eftirliti með ríkisaðstoð viðurkennd. Raskandi áhrif aðstoðar magnast þegar annarri röskun af völdum hins opinbera er rutt úr vegi og markaðir verða opnari og sameinaðri. Því er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að viðhalda ströngu eftirliti með ríkisaðstoð.
- 2) Í náinni framtíð er þess vænst að óskipti markaðurinn og Evrópska efnahagssvæðið skili umtalsverðum ávinningi sem lýtur að auknum hagvexti. Aukinn hagvöxtur, sem óskipti markaðurinn og EES-samningurinn ættu endanlega að leiða til, mun að mestu leyti verða vegna viðtækrar kerfisbreytingar á atvinnulífi í þeim ríkjum sem eiga aðild að EES-samningnum. Þótt kerfisbreyting sé auðveldari þar sem þensla er í atvinnulífinu er óæskilegt, jafnvel á samdráttarskeiði, að ríkin komi í veg fyrir eða seinki að ósekju kerfislægri aðlögun með styrkjum til fyrirtækja sem við nýjar markaðsaðstæður ættu að hverfa eða vera endurskipulögð. Slík aðstoð myndi velta byrðinni af kerfisbreytingu yfir á önnur, afkastameiri fyrirtæki og hvetja til styrkjakapphlaups.
- 3) Við ákveðnar aðstæður er á hinn bóginn unnt að réttlæta ríkisaðstoð vegna björgunar fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum og aðstoð við endurskipulagningu þeirra. Aðstoð má t.d. réttlæta með félagslegum eða svæðisbundnum ástæðum, með því að æskilegt þyki að viðhalda skipulagi samkeppnismarkaðar þar sem rekstrarstöðvun fyrirtækja myndi leiða til einokunar eða þröngrar fákeppnisástöðu, eða með hliðsjón af sérstökum þörfum og auknum efnahagslegum ávinningi af litlum og meðalstórum fyrirtækjum (LMF).
- 4) Stefna framkvæmdastjórnarinnar varðandi aðstoð til björgunar og endurskipulagningar fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum, eins og hún er sett fram í áttundu skýrslu um samkeppnismál frá 1979⁽⁵⁾ og endurspeglast í þessum leiðbeiningum eins og þær voru upphaflega teknar upp af eftirlitsstofnun EFTA 19. janúar 1994, hefur margsinnis verið staðfest af dómstól Evrópubandalaganna.⁽⁶⁾

⁽¹⁾ Hér á eftir vísað til sem leiðbeininga á sviði ríkisaðstoðar.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 231, 3. 9. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 32, 3. 9. 1994, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 263, 13.10.1994, bls. 22 og EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 38, 13.10. 1994, bls. 1.

⁽⁴⁾ Þessi kaflí samsvarar leiðbeiningum bandalagsins á sviði ríkisaðstoðar til björgunar og endurskipulagningar fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum, sem voru samþykktar 27. júlí 1994 (Stjtið. EB, nr. C 368, 23.12. 1994).

⁽⁵⁾ 227. - 228. mgr. og 177. mgr. (sbr. 33. lið XV. viðauka við EES-samninginn).

⁽⁶⁾ Sjá einkum dómstól EB 14. febrúar 1990, mál C-301/87, Frakkland gegn framkvæmdastjórninni [1990], dómasafn I-307 (Boussac); dómstóll EB 21. mars 1990, mál C-142/87, Belgía gegn framkvæmdastjórninni [1990], dómasafn I-959 (Tubmeuse); dómstóll EB 21. mars 1991, mál C-303/88, Ítalía gegn framkvæmdastjórninni [1991], dómasafn I-1433 (ENI-Lanerossi)[1991], dómasafn I-1603; dómstóll EB 21. mars 1991, mál C-305/89, Ítalía gegn framkvæmdastjórninni (Alfa Romeo). Sjá einnig dómstóll EB 14. nóvember 1984, mál 323/82, Intermills gegn framkvæmdastjórninni [1984], dómasafn bls. 3809; dómstóll EB 13. mars 1985, mál 296 og 318/82, Holland og Leeuwarder Papierwarenfabrik gegn framkvæmdastjórninni [1985], dómasafn bls. 809; dómstóll EB 10. júlí 1986, mál 234/84, Belgía gegn framkvæmdastjórninni [1986], dómasafn bls. 2263 (Meura).

- 5) Af ástæðum, sem taldar eru upp í 1. mgr. í 16.1. hér að framan, er þó nauðsynlegt vegna framkvæmdar EES-samningsins að endurskoða og uppfæra þessa stefnu. Enn fremur verður að skýra hana í ljósi þróunar sem orðið hefur á endurfjármögnun af hálfu hins opinbera,⁽¹⁾ fjármagnsflutningum til opinberra fyrirtækja,⁽²⁾ og aðstoð við LMF.⁽³⁾

16.2. Skilgreiningar og gildissvið reglnanna um aðstoð til björgunar og endurskipulagningar

16.2.1. Skilgreining á aðstoð til björgunar og endurskipulagningar

- 1) Meðhöndla ber aðstoð til björgunar fyrirtækja og endurskipulagningar saman, vegna þess að í báðum tilvikum stendur hið opinbera frammi fyrir fyrirtæki sem á í erfiðleikum og er ófært um að ná sér aftur á strik af sjálfsdáðum eða með því að afla nauðsynlegs fjár frá hlutafjäreigendum eða með lántöku og vegna þess að björgun og endurskipulagning eru oft tvær hliðar á einni aðgerð, enda þótt skýrt afmarkaðar séu. Fjárhagslegur veikleiki fyrirtækja sem hið opinbera bjargar eða aðstoðar vegna endurskipulagningar er oftast til kominn vegna lélegs rekstrar áður og slæmra framtíðarhorfa. Dæmigerð einkenni eru minni hagnaður eða aukið tap, minni velta, uppsöfnun birgða, umframframleiðslugeta, versnandi lausafjárstaða, skuldasöfnun, hærri vaxtakostnaður og lágt bruttó eignamat. Í alvarlegustu tilvikunum hefur fyrirtækið lent í greiðsluþroti eða verið tekið til skipatmeðferðar.
- 2) Ógerlegt er að taka upp altækar og nákvæmar fjárhagslegar kennistærðir til að greina hvenær aðstoð við fyrirtæki skuli vera í formi björgunar eða endurskipulagningar. Þó er grundvallarmismunur á þessum aðgerðum.
- 3) Björgun viðheldur tímabundið stöðu fyrirtækis, sem sér fram á verulega fjárhagserfiðleika sem endurspeglast í afleitri lausafjárstöðu eða tæknilegu greiðsluþroti, meðan unnt er að greina aðstæður sem valda erfiðleikum fyrirtækisins og huga að viðeigandi áætlun til að ráða bót á ástandinu. Með öðrum orðum veitir björgunaraðstoð fyrirtækinu tímabundna lausn, að öllu jöfnu til sex mánaða hið mesta, frá fjárhagserfiðleikum sínum meðan unnt er að vinna að langtímalausn.
- 4) Endurskipulagning er hinsvegar hluti af framkvæmanlegri, heildstæðri framtíðaráætlun um að gera starfsemi fyrirtækisins arðbæra þegar til lengri tíma er litið. Endurskipulagning felur að öllu jöfnu í sér einn eða fleiri eftirtalda þætti: endurskipulagningu og hagræðingu á starfsemi fyrirtækisins í því skyni að gera hana skilvirkari, sem hefur felur í sér að hætt er við óarðbæra starfsemi eða starfsemi sem tap er á, endurskipulagningu á fyrirliggjandi starfsemi sem unnt er að gera samkeppnishæfa á nýjan leik og hugsanlega þróun eða aukna fjölbreytni varðandi nýja arðbæra starfsemi. Fjárhagsleg endurskipulagning (endurfjármögnun, skuldalækkun) verður alla jafna að fylgja endurskipulagningu á starfseminni. Áætlanir um endurskipulagningu taka meðal annars mið af aðstæðum sem valda erfiðleikum fyrirtækisins, markaðsframboði og eftirspurn fyrir viðkomandi vörur svo og væntanlegri þróun og sérstökum styrkleika eða veikleika fyrirtækisins. Þær gera fyrirtækinu kleift að aðlagast á eðlilegan hátt að nýju skipulagi, sem felur í sér bjartar framtíðarhorfur fyrir fyrirtækið þegar til lengri tíma er litið, og að starfa á grundvelli eigin fjárstyrks án frekari ríkisaðstoðar.

16.2.2. Gildissvið að því er varðar atvinnugreinar

- 1) Eftirlitsstofnun EFTA fylgir hinum almennu aðferðum við aðstoð til björgunar og endurskipulagningar sem eru settar fram í þessum kafla í öllum atvinnugreinum⁽⁴⁾. Þó gilda ákvæði þessa kafla í atvinnugreinum sem eru háðar sérstökum reglum um ríkisaðstoð aðeins að því marki að þær séu í samræmi við sérstakar atvinnugreinareglur. Nú eru í gildi sérstakar reglur um aðstoð í stál-, efna- og fataiðnaði, í gerviefnaíðnaði, bílaiðnaði og á sviði flutninga.

⁽¹⁾ Sjá 19. kafla þessara leiðbeininga.

⁽²⁾ Sjá 20. kafla þessara leiðbeininga.

⁽³⁾ Sjá 10. kafla þessara leiðbeininga.

⁽⁴⁾ Sjá III. hluta þessara leiðbeininga.

16.2.3. Gildissvið 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins

- 1) Af ástæðum sem greint er frá í 1. mgr. í 16.1. hefur ríkisaðstoð til björgunar eða endurskipulagningar fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum, eðlis síns vegna, tilhneigingu til að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna. Því fellur hún reglu samkvæmt undir 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og krefst undanþágu.
- 2) Eina almenna undanþágan er aðstoð þar sem fjárhæðin er það lág að hún hefur óveruleg áhrif á milliríkjavæslun. Þessi „lágmarksfjárhæð“ hefur verið miðuð við 50 000 ECU fyrir tvo meginflokka útgjalda (fjárfestingar og önnur útgjöld) á öllum sviðum og samkvæmt hvaða áætlun sem er yfir þriggja ára tímabil⁽¹⁾. „Lágmarksfjárhæðin“ gildir ekki í atvinnugreinum sem háðar eru sérreglum⁽²⁾.
- 3) Aðstoð til björgunar getur verið í margskonar formi. Þ.m.t. í formi endurfjármögnunar, skuldaafskrifta, lánveitinga, vaxtabóta, undanþágu frá sköttum eða launatengdum gjöldum og lánaábyrgða. Að því er varðar björgunaraðgerðir ber þó að takmarka aðstoðina við lán á markaðsvöxtum eða lánaábyrgðir (sjá 1. mgr. í 16.3.1. hér á eftir). Aðstoðin getur komið frá hvaða stjórnsýslustigi sem er, ríki, héraðs- eða sveitarstjórn eða hvaða „opinberu fyrirtæki“ sem er, eins og skilgreint er í 2. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. lið XV. viðauka við EES-samninginn⁽³⁾. Þannig getur björgunaraðstoð eða aðstoð til endurskipulagningar komið frá eignarhaldsfélagi í eigu ríkisins eða fjárfestingarfélagum í almenningseign.⁽⁴⁾
- 4) Aðferðin sem eftirlitsstofnun EFTA notar til að ákvarða hvort endurfjármögnun ríkisins til fyrirtækja, sem eru þegar í eigu hins opinbera eða munu verða að fullu eða að hluta í eigu þess í kjölfar aðgerðarinnar, feli í sér aðstoð er sett fram í 20. kafla þessara leiðbeininga. Viðmiðið grundvallast á markaðsfjárfestareglunni. Samkvæmt þessari reglu telst framlag eða trygging á fjármögnun til fyrirtækis ekki vera aðstoð ef hagsýnn fjárfestir í einkageiranum sem rekur viðskipti sín samkvæmt almennum skilyrðum á fjármálamarkaðinum hefði við sömu aðstæður lagt fram nauðsynlegt fé.
- 5) Ef fjármögnun til fyrirtækis sem á í fjárhagserfiðleikum kemur frá eða er tryggð af ríkinu er þó gert ráð fyrir að fjármagnsflutningarnir feli í sér ríkisaðstoð. Því ber að tilkynna slík fjármagnsviðskipti fyrirfram til eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn. Áætlun um aðstoð er einkum nauðsynleg ef iðnaðurinn í heild á í erfiðleikum eða líður vegna kerfislægrar umframframleiðslugetu.
- 6) Eigendaskipti á viðskiptastarfsemi sem nýtur aðstoðar hefur ekki áhrif á mat á aðstoð til björgunar eða endurskipulagningar. Því er ekki unnt að komast hjá eftirliti með því að færa viðskiptin yfir til annars lögaðila eða eiganda.

16.2.4. Grundvöllur fyrir undanþágu

- 1) Í 2. og 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins er gert ráð fyrir möguleika á undanþágu fyrir aðstoð sem heyrir undir 1. mgr. 61. gr. Eini grundvöllurinn fyrir undanþágu vegna aðstoðar til björgunar og endurskipulagningar fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum - að undanskildum náttúruhamförum og undantekningartilvikum sem eru undanþegin samkvæmt b-lið 2. mgr. 61. gr. og ekki er fjallað um hér - er c-liður 3. mgr. 61. gr. Samkvæmt þessu ákvæði getur eftirlitsstofnun EFTA heimilað „aðstoð til að greiða fyrir þróun ákveðinna greina atvinnulífsins enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum.“

⁽¹⁾ Sjá 12. kafla þessara leiðbeininga og um beitingu og framkvæmd lágmarksreglunnar.

⁽²⁾ Sjá 1. mgr. í 6.2.2. hér að framan.

⁽³⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/723/EBE frá 25. júní 1980 um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarríkjanna og opinberra fyrirtækja.

⁽⁴⁾ Sjá dómstól EB frá 22. mars 1977, mál 78/76, Steinike und Weinlig gegn Þýskalandi, [1977], dómasafn bls. 595; Crédit Lyonnais/Usinor-Sacilor, Commission Press Release IP(91) 1045.

- 2) Eftirlitsstofnun EFTA telur að aðstoð til björgunar og endurskipulagningar kunni að stuðla að þróun atvinnulífsins án þess að hafa óhagstæð áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna ef skilyrðin í þætti 16.3 hér að neðan eru uppfyllt og mun því heimila slíka aðstoð samkvæmt þessum skilyrðum. Ef fyrirtæki sem á að bjarga eða endurskipuleggja eru staðsett á svæðum sem njóta aðstoðar, mun eftirlitsstofnun EFTA taka mið af svæðisbundnum ástæðum samkvæmt a- og c-lið í 3. mgr. 61. gr. eins og lýst er í þætti 16.3.2.3.

16.3. Almenn skilyrði fyrir heimild til aðstoðar vegna björgunar og endurskipulagningar

16.3.1. Aðstoð til björgunar

- 1) Björgunaraðstoð, eins og hún er skilgreind hér að framan, verður að uppfylla eftirfarandi grundvallarskilyrði til að fá samþykki eftirlitsstofnunar EFTA⁽¹⁾:
- hún verður að vera í reiðufé í formi lánaábyrgða eða sem lán á almennum markaði;
 - hún verður að vera takmörkuð við þá fjárhæð sem nauðsynleg er til þess að halda fyrirtækinu gangandi (t.d. til að greiða laun og fyrir almenn aðföng);
 - hana má aðeins greiða í þann tíma (almennt ekki til lengri tíma en sex mánuði)⁽²⁾ sem það tekur að semja nauðsynlega og hentuga endurskipulagningaráætlun;
 - hún verður að vera réttlætunleg á grundvelli alvarlegra, félagslegra erfiðleika og má ekki hafa neikvæð áhrif á atvinnuumhverfi annarra EFTA-ríkja eða aðildarríkja EB.
- 2) Frekara skilyrði er það að, að meginreglu til, verður björgun að vera einstök aðgerð. Ljóst er að ekki er unnt að fallast á röð björgunaraðgerða sem í raun viðhalda eingöngu óbreyttu ástandi, fresta hinu óhjákvæmilega og velta á meðan meðfylgjandi erfiðleikum sem varða iðnað og félagsmál yfir á aðra afkastameiri framleiðendur og önnur EFTA-ríki og EB-aðildarríki. Björgunaraðstoð verður því að öllu jöfnu að vera einstök aðgerð sem nær yfir takmarkað tímabil meðan framtíð fyrirtækisins er metin.
- 3) Ekki þarf að veita björgunaraðstoð í einni greiðslu. Æskilegt kann að vera að greiða aðstoðina í nokkrum eða allmörgum afborgunum með fyrirvara um sérstakt mat til að taka mið af ytri skilyrðum sem kunna að vera sveiflukennnd eða til að hvetja hið óstöðuga fyrirtæki til að gera nauðsynlegar aðgerðir til úrbóta.
- 4) Þegar framangreindum skilyrðum er beitt við LMF mun eftirlitsstofnun EFTA taka mið af einkennum fyrirtækja í þessum stærðarflokki.
- 5) Samþykki björgunaraðstoðar er án hvers kyns fyrirvara um síðara samþykki um aðstoð samkvæmt endurskipulagningaráætlun, sem mun verða metin á eigin forsendum.

⁽¹⁾ Kveðið var á um þessi skilyrði í 16. kafla þessara leiðbeininga, eins og þær voru upphaflega teknar upp af eftirlitsstofnun EFTA 19. janúar 1994 og samsvara áttundu skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um stefnu í samkeppnismálum, 228. liður um eftirlit með aðstoð vegna björgunar og endurskipulagningar.

⁽²⁾ Ef eftirlitsstofnun EFTA er enn að rannsaka endurskipulagningaráætlunina þegar tímabilið sem aðstoð vegna björgunar hefur verið veitt fyrir rennur út, mun hún telja framlengingu björgunaraðstoðar álitlegan kost þar til rannsókninni hefur verið lokið (sjá 23. skýrslu um samkeppnismál, 527. lið).

16.3.2. Aðstoð til endurskipulagningar

16.3.2.1. Grundvallaraðferð

- 1) Aðstoð til endurskipulagningar gefur sérstakt tilefni til að hafa áhyggjur af samkeppni þar sem hún getur velt óréttmætum hluta byrðarinnar af kerfislægri aðlögun og samfarandi vandamálum varðandi félags- og iðnaðarmál yfir á aðra framleiðendur sem komast af án aðstoðar og önnur EFTA-ríki og EB-aðildarríki. Almenna reglan ætti því að vera sú að heimila eingöngu aðstoð til endurskipulagningar við aðstæður þar sem unnt er að sýna fram á að samþykkt aðstoðar til endurskipulagningar samrýmist framkvæmd EES-samningsins. Þetta er eingöngu mögulegt ef ströngum skilyrðum er fullnægt og tekið sé fullt tillit til hugsanlegrar röskunar sem aðstoðin kann að hafa í för með sér.

16.3.2.2. Almenn skilyrði

- 1) Með fyrirvara um sérstök ákvæði vegna svæða sem njóta aðstoðar og LMF sem sett eru fram hér að neðan mun eftirlitsstofnun EFTA einungis samþykkja aðstoða ef áætlanir um endurskipulagningu uppfylla öll eftirfarandi almenn skilyrði:

- a) Enduruppbygging arðbærrar starfsemi fyrirtækis

Frumskilyrði allra áætlana um endurskipulagningu er að þær verða að byggja aftur upp arðbæra starfsemi og styrk fyrirtækisins til langs tíma og innan skynsamlegra tímamarka og á grundvelli raunhæfs mat á framtíðarrekstrarskilyrðum þess. Þar af leiðandi, verður aðstoð til endurskipulagningar að tengjast raunhæfri áætlun um endurskipulagningu eða enduruppbyggingu sem lögð er fyrir eftirlitsstofnun EFTA ásamt öllum upplýsingum sem máli skipta. Áætlunin verður að gera fyrirtækið samkeppnishæft á ný innan skynsamlegra tímamarka. Bætt afkoma verður einkum að stafa af innri aðgerðum sem endurskipulagningaráætlunin felur í sér og má eingöngu byggjast á ytri þáttum svo sem verði og aukinni eftirspurn sem fyrirtækið hefur ekki mikil áhrif á ef markaðsforsendur eru almennt viðurkenndar. Vel heppnuð endurskipulagning ætti að fela í sér að starfsemi sem rekin er með tapi sem til er komið vegna innra skipulags verði lögð niður.

Til að uppfylla skilyrði um arðbæra starfsemi verður áætlunin um endurskipulagningu að gera fyrirtækinu kleift að greiða allan kostnað, þar með taldar afskriftir og fjárhagsleg útgjöld, og verða til þess að fjármagn skili lágmarksarði þannig að eftir að fyrirtækið hefur verið endurskipulagt, þurfi það ekki lengur á ríkisfjármögnun að halda og mun verða samkeppnishæft á mörkuðum af sjálfsdáðum. Því ber eingöngu að veita aðstoð til endurskipulagningar einu sinni svo sem við á um aðstoð til björgunar.

- b) Komið í veg fyrir að aðstoð leiði til óeðlilegrar röskunar á samkeppni

Frekari skilyrði fyrir aðstoð til enduruppbyggingar er að ráðstafanir séu gerðar til að draga svo sem verða má úr hugsanlegum óæskilegum áhrifum á samkeppnisaðila. Að öðrum kosti myndi aðstoð „stríða gegn sameiginlegum hagsmunum“ og ekki hægt að veita undanþágu hennar vegna samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr.

Ef hlutlægt mat á framboði og eftirspurn sýnir kerfislæga umframframleiðslu á viðkomandi markaði á samningssvæði EES sem viðtakandi starfar á, verður endurskipulagningaráætlunin að gera ráð fyrir framlagi, sem er í hlutfalli við fjárhæð þeirrar aðstoðar sem tekið er á móti, til að endurskipuleggja iðnaðinn á viðkomandi markaði þannig að dregið sé úr framleiðslu eða henni hætt fyrir fullt og allt. Skerðing eða lokun er óafturkallanleg ef viðkomandi eignum er fargað, þær gerðar að öllu óhæfar til að framleiða með fyrri afköstum, eða er varanleg breytt til annarra nota. Sala framleiðsluadstöðu og búnaðar til samkeppnisaðila er ekki fullnægjandi í þessu tilviki, nema ef verksmiðjan er seld til notkunar í þeim heimshluta þar sem áframhaldandi

starfsemi er ekki líkleg til að hafa veruleg áhrif á samkeppnisaðstöðu á samningssvæði EES.

Heimilt er að slaka á meginreglunni um að krefjast hlutfallslegrar lækkunar á framleiðslugetu ef slík skerðing er líkleg til að valda augljósri afturför í skipulagningu markaðarins, til dæmis með því að mynda einokunar- eða þrönga fákeppnisaðstöðu.

Ef, hins vegar, ekki er um að ræða neina kerfislæga umframframleiðslugetu á viðkomandi markaði á samningssvæði EES sem viðtakandi starfar á, mun eftirlitsstofnun EFTA að öllu jöfnu ekki krefjast skerðingar á framleiðslugetu í staðinn fyrir aðstoð. Þó verður að vera tryggt að aðstoðin verði eingöngu notuð til að byggja aftur upp arðbæra starfsemi fyrirtækisins og að hún geri viðtakanda ekki kleift, meðan á framkvæmd endurskiplagningaráætlunarinnar stendur, að auka framleiðslugetu sína nema að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að byggja aftur upp arðbæra starfsemi án þess að raska samkeppni óþarflega. Til að tryggja að aðstoðin raski ekki samkeppni að því marki að það samrýmist ekki sameiginlegum hagsmunum getur eftirlitsstofnun EFTA mælt fyrir um skilyrði og skyldur eftir því sem þörf krefur.

c) Aðstoð í hlutfalli við kostnað og hagnað af endurskiplagningu

Fjárhæð og styrkleika aðstoðarinnar verður að takmarka við algjört lágmark sem þarf vegna endurskiplagningarinnar og verður að tengjast áætluðum hagnaði. Því mun að öllu jöfnu verða ætlast til þess af þeim sem aðstoðarinnar njóta að þeir verji umtalsverðum fjármunum af eigin fjármagni eða með ytri fjármögnun til áætlunarinnar um endurskiplagningu. Til að takmarka áhrif röskunar verður það form sem aðstoðin er veitt í að vera slíkt að komist sé hjá því að fyrirtækinu sé veitt umframlausafé sem gæti verið notað til yfirgangssamrar starfsemi sem raskar markaðinum en tengist ekki endurskiplagningunni. Né ætti að veita neina aðstoð við að fjármagna nýjar fjárfestingar sem ekki er þörf á vegna endurskiplagningarinnar. Aðstoð til fjárhagslegrar endurskiplagningar ætti ekki að draga óhóflega úr fjárhagsútgjöldum fyrirtækisins.

Ef aðstoð er notuð til að afskrifa skuldir sem til eru komnar vegna fyrri tapreksturs, verður að fella niður skattfríðindi sem tengjast tapinu. Þeim má ekki halda eftir til að jafna tap í framtíðinni né selja eða færa yfir til þriðja aðila, því ella nyti fyrirtækið aðstoðar tvisvar.

d) Full framkvæmd endurskiplagningaráætlunar og uppfylling skilyrða

Fyrirtækið verður að koma endurskiplagningaráætluninni sem lögð var fyrir og samþykkt af eftirlitsstofnun EFTA að fullu í framkvæmd og verður að inna af hendi aðrar skyldur sem kveðið er á um í ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA. Að öðrum kosti, mun eftirlitsstofnun EFTA gera ráðstafanir til að tryggja að endurskiplagningaráætluninni sé að fullu komið í framkvæmd, nema upphaflegu ákvörðuninni sé breytt í kjölfar nýrrar tilkynningar frá viðkomandi EFTA-ríki. Þessar ráðstafanir geta falið í sér kröfu um að afturkalla aðstoð sem talið er að samrýmist ekki framkvæmd EES-samningsins.

e) Eftirlit og ársskýrsla

Haft verður eftirlit með framkvæmd, framvindu og árangri endurskiplagningaráætlunarinnar með því að krefjast þess að sundurliðaðar ársskýrslur séu lagðar fyrir eftirlitsstofnun EFTA. Ársskýrslan verður að hafa að geyma allar upplýsingar sem máli skipta til að gera eftirlitsstofnun EFTA kleift að hafa eftirlit með framkvæmd samþykkrar endurskiplagningaráætlunar, móttöku aðstoðarinnar af hálfu fyrirtækisins, fjárhagslegri stöðu þess og hvort farið sé að skilyrðum og skyldum sem kveðið er á um í ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA til samþykkrar aðstoðinni. Þar sem sérstök þörf er á

tímanlegri staðfestingu á tilteknum lykilupplýsingum, svo sem varðandi lokun, skerðingu á framleiðslugetu o.s.frv., getur eftirlitsstofnun EFTA krafist skýrslna oftár.

16.3.2.3. Skilyrði fyrir aðstoð til endurskipulagningar á svæðum sem njóta aðstoðar

- 1) Eftirlitsstofnun EFTA muna taka til greina þörf á byggðapróun við mat á aðstoð til endurskipulagningar á svæðum sem njóta aðstoðar. Sú staðreynd að fyrirtæki sem berst í bókum er staðsett á svæði sem nýtur aðstoðar réttlætir þó ekki að fullu frjálsglega meðhöndlun á aðstoð vegna endurskipulagningar. Sé litið til lengri eða skemmri tíma er það byggð ekki til framdráttar að styðja með óeðlilegum hætti við fyrirtæki sem vegna skipulags eða af öðrum ástæðum eru dæmd til að verða gjaldþrota.
- 2) Enn fremur, að því gefnu að þjóðarauðlindir sem tiltækar eru til að stuðla að byggðapróun séu takmarkaðar, er það í þágu byggðarinnar að nota þessar takmörkuðu auðlindir til að þróa eins fljótt og auðið er aðra arðbæra og varanlega starfsemi. Að lokum verður að draga svo sem verða má úr röskun á samkeppni, jafnvel þegar um er að ræða aðstoð við fyrirtæki á svæðum sem njóta aðstoðar.
- 3) Þannig gilda viðmiðin sem talin eru upp í þætti 16.3.2.2. hér að framan jafnt um svæði sem njóta aðstoðar, jafnvel þegar tekið er mið af þörfinni á byggðapróun. Einkum verður árangur af endurskipulagningunni að sýna sig í arðbærum viðskiptum sem stuðla að raunverulegri byggðapróun án þess að krafist sé áframhaldandi aðstoðar. Því verður ekki litið á ítrekaða aðstoð mildari augum en á svæðum sem ekki njóta aðstoðar. Á sama hátt verður að framfylgja endurskipulagningaráætlunum og hafa eftirlit með þeim. Til að forðast ótilhlýðilega röskun á samkeppni verður aðstoðin einnig að vera í hlutfalli við endurskipulagningarkostnað og hagnað. Þó er unnt að sýna meiri sveigjanleika á svæðum sem njóta aðstoðar, að því er varðar kröfuna um að draga úr framleiðslugetu þegar um er að ræða markaði þar sem umframframleiðslan er kerfisleg. Ef þörf á byggðapróun réttlætir það mun eftirlitsstofnun EFTA krefjast minni skerðingar á framleiðslugetu í þessu skyni á svæðum sem njóta aðstoðar en á svæðum sem ekki njóta aðstoðar og mun gera greinarmun á svæðum sem koma til greina vegna byggðaaðstoðar samkvæmt a-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins og þeirra sem koma til greina samkvæmt í c-lið 3. mgr. 61. gr. til að taka mið af því að vandamál á fyrrnefndu svæðunum eru alvarlegri eðlis en á hinum síðarnefndu.
- 4) Öll aðstoð vegna nýrra fjárfestinga sem ekki er nauðsynleg vegna endurskipulagningar verður að vera innan marka byggðaaðstoðar sem eftirlitsstofnun EFTA heimilar.

16.3.2.4. Aðstoð til endurskipulagningar lítilla og meðalstórra fyrirtækja

- 1) Að því tilskildu að ekki sé farið yfir viðurkenndan styrkleika aðstoðar hefur aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki oftár en ekki minni áhrif á viðskiptaskilyrði en aðstoð við stór fyrirtæki og hvers konar röskun á samkeppni líklegri til að jafnast út vegna ýmis konar efnahagslegs ávinnings.⁽¹⁾ Þetta á einnig við um aðstoð við endurskipulagningu. Þar af leiðandi getur eftirlitsstofnun EFTA tekið jákvæðari afstöðu til slíkrar aðstoðar þegar hún er veitt LMF.
- 2) Í reglunum um aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki (LMF) í 10. kafla þessara leiðbeininga er kveðið á um samræmda skilgreiningu á LMF vegna eftirlits með ríkisaðstoð.
- 3) Í tengslum við LMF mun eftirlitsstofnun EFTA ekki krefjast þess að aðstoð við endurskipulagningu uppfylli jafn ströng skilyrði og þegar um er að ræða aðstoð við endurskipulagningu á stórum fyrirtækjum, einkum að því er varðar skerðingu á framleiðslugetu og skyldu til að gefa skýrslu.

⁽¹⁾ Sjá 10. kafla, reglur um aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki.

16.3.2.5. Aðstoð til að mæta félagslegum kostnaði við endurskipulagningu

- 1) Endurskipulagningaráætlanir hafa að öllu jöfnu í för með sér skerðingu á eða niðurfellingu starfsemi sem orðið hefur fyrir skakkaföllum. Oft er nauðsynlegt að draga úr starfsemi fyrirtækis vegna hagræðingar og skilvirkni, óháð hvers konar skerðingu á framleiðslugetu sem unnt er að krefjast sem skilyrðis fyrir veitingu aðstoðar ef iðnaðurinn á í erfiðleikum vegna kerfislægrar umframframleiðslugetu. Hver svo sem ástæðan er fyrir þeim munu slíkar aðgerðir að öllu jöfnu leiða til fækkunar starfsmanna fyrirtækisins.
- 2) Vinnulöggjöf EFTA-ríkjanna og EB-aðildarríkjanna getur kveðið á um almannatryggingakerfi þar sem uppsagnarbætur eða snemmbærar starfslokabætur eru greiddar beint til starfsmanna sem sagt er upp störfum. Slík kerfi eru ekki talin til ríkisaðstoðar samkvæmt 1. mgr. 61. gr. svo fremi ríkin fáist milliliðalaust við starfsmennina og að fyrirtækið eigi þar ekki hlut að máli.
- 3) Auk beinna uppsagnarbóta og snemmbærra starfslokabóta til handa starfsmönnum, eru almannatryggingakerfi algeng þar sem ríkisstjórn greiðir kostnað vegna bóta sem fyrirtækið gerir ráð fyrir til starfsmanna sem sagt er upp og sem eru hærri en kveðið er á um í lögfestum eða sammingsbundnum skuldbindingum. Þar sem slík kerfi standa almennt, án takmarkana sem bundnar eru atvinnugreinum, öllum starfsmönnum til boða sem uppfylla fyrirfram skilgreind hæfiskilyrði, teljast þau ekki fela í sér aðstoð samkvæmt 1. mgr. 61. gr. að því er varðar fyrirtæki sem hyggja á endurskipulagningu. Hins vegar ef kerfin eru notuð til að styðja endurskipulagningu í tilteknum iðngreinum kunna þau þó að fela í sér aðstoð vegna þess að þau eru notuð samkvæmt ákveðnum valaðferðum.
- 4) Skuldbindingar fyrirtækisins samkvæmt vinnulöggjöf eða sameiginlegum samþykktum við stéttafélög um að greiða uppsagnarbætur og/eða snemmbærar starfslokabætur eru hluti af eðlilegum kostnaði við starfsemi sem fyrirtækið þarf að greiða úr eigin sjóðum. Ef svo er verður hvers kyns framlag ríkisins til að mæta þessum kostnaði að teljast aðstoð. Þetta á við óháð því hvort greiðslur eru beint til fyrirtækisins eða eru greiddar í gegnum umboðsskrifstofu ríkisins til starfsmanna.
- 5) Eftirlitsstofnun EFTA lítur jákvæðum augum á slíka aðstoð því að hún lætur efnahagslegan ábata ganga fyrir hagsmunum viðkomandi fyrirtækis, auðveldar skipulagsbreytingar og dregur úr erfiðleikum og jafnar út ólíkar skyldur sem innanlandslöggjöf leggur á fyrirtæki.
- 6) Auk þess að mæta kostnaði vegna uppsagnabóta og snemmbærra starfsloka, er aðstoð að öllu jöfnu veitt í tengslum við sérstök tilvik endurskipulagningar vegna þjálfunar, ráðgjafar og sérstakrar aðstoðar við að finna annað starf, vegna aðstoðar við flutninga, og fagþjálfunar og aðstoðar við starfsmenn sem óska eftir að hefja nýja viðskiptastarfsemi. Eftirlitsstofnun EFTA tekur almennt jákvæða afstöðu til slíkra aðstoðar.
- 7) Aðstoð vegna félagslegra ráðstafana sem eru eingöngu í þágu starfsmanna sem fluttir eru á milli starfa vegna endurskipulagningar er ekki talin með svo unnt sé að ákvarða umfang skerðingar á framleiðslugetu samkvæmt b-lið í 16.3.2.2. hér að framan.

16.4. Áætlanir um að bjarga eða endurskipuleggja LMF

- 1) Að því er varðar LMF sem falla undir skilgreininguna í þætti 10.2. mun eftirlitsstofnun EFTA vera reiðubúin til að heimila aðstoðaráætlun vegna björgunar og endurskipulagningar. Hún mun gera það innan hins venjubundna tveggja mánaða tímabils frá því að allar upplýsingar liggja fyrir, nema áætlunin sé hæf til að fá hraðameðferð, en í því tilviki hefur eftirlitsstofnun EFTA 20 virka daga.⁽¹⁾ Í slíkum áætlunum verður að greina skilmerkilega frá þeim fyrirtækjum sem koma til greina, aðstæðum þar sem heimilt er að veita aðstoð til björgunar eða endurskipulagningar og hámarksfjárhæð tiltækra aðstoðar. Skilyrði fyrir samþykki er að lögð sé fram ársskýrsla um framkvæmd áætlunarinnar með upplýsingunum sem tilgreindar eru í 30. kafla þessara leiðbeininga og í III. og IV. viðauka. Skýrslan verður einnig að hafa að geyma eina skrá yfir öll fyrirtæki sem njóta aðstoðar þar sem eftirfarandi kemur fram: heiti fyrirtækisins, atvinnugreinakóði í samræmi við NACE⁽²⁾, tveggja stafa flokkunarkóðar fyrir atvinnugreinar, fjöldi starfsmanna, heildarársvelta, fjárhæð aðstoðar sem veitt er ár hvert, staðfesting á því hvort aðstoð til björgunar eða endurskipulagningar var þegin næstliðin tvö ár, og ef svo er, heildarfjárhæð áður veittrar aðstoðar.
- 2) Aðstoð sem veitt er til björgunar og endurskipulagningar LMF fyrir utan viðurkennda áætlun verður að tilkynna sérstaklega til eftirlitsstofnunar EFTA svo sem á sér stað þegar um er að ræða aðstoð við stór fyrirtæki. Ekki er skylt að tilkynna veitta aðstoð eða aðstoðaráætlanir um björgun eða endurskipulagningu fyrirtækja sem uppfylla skilyrði um *lágmarksfjárhæð* (sjá þátt 16.2.3. hér að framan).

16.5. Gildistími og endurskoðun reglna

Eftirlitsstofnun EFTA mun styðjast við þessar reglur við mat á aðstoð til björgunar eða endurskipulagningar fyrirtækja í erfiðleikum í þrjú ár frá því að þær voru samþykktar. Áður en því tímabili lýkur mun hún endurskoða framkvæmd reglnanna.“

⁽¹⁾ Sjá 11. kafla þessara leiðbeininga.

⁽²⁾ Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, gefin út af Hagstofu Evrópubandalagsins.

EES-samningurinn, VI. viðauki (Félagslegt öryggi)**94/EES/59/14****Yfirlýsingar EFTA-ríkjanna sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja****AUSTURRÍKI****I. Löggjöf og reglur sem um getur í 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar**

Eftirfarandi löggjöf (að undanskildum ákvæðum 2. mgr. b og 4. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar), þar með talin ákvæði um beitingu þessarar löggjafar að því marki sem hún felur í sér ákvæði varðandi þá flokka almannatrygginga sem um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar:

Lög um almannatryggingar frá 9. september 1955, BGBI. nr. 189/1955, ásamt breytingum.

Lög um almannatryggingar þeirra sem starfa í verslun og viðskiptum frá 11. október 1978, BGBI. nr. 560/1978, ásamt breytingum.

Lög um almannatryggingar bænda frá 11. október 1978, BGBI. nr. 559/1978, ásamt breytingum.

Lög um almannatryggingar sjálfstætt starfandi einstaklinga frá 30. nóvember 1978, BGBI. nr. 624/1978, ásamt breytingum.

Lög um sjúkra- og slysatryggingar opinberra starfsmanna frá 31. maí 1967, BGBI. nr. 200/1967, ásamt breytingum.

Lög um almannatryggingar lögbókenda frá 3. febrúar 1972, BGBI. nr. 66/1972, ásamt breytingum.

Lög um aðstoð við fyrirtæki frá 30. júní 1982, BGBI. nr. 359/1982, ásamt breytingum.

Lög um áframhaldandi launagreiðslur frá 26. júní 1974, BGBI. nr. 399/1974, ásamt breytingum og annarri löggjöf varðandi áframhaldandi launagreiðslur ef um er að ræða veikindi, meðgöngu og fæðingu, vinnuslys eða atvinnusjúkdóma.

Lög um erfiðisvinnu að næturlagi frá 5. ágúst 1992, BGBI. nr. 4732/1992, ásamt breytingum.

Sambandslög um umönnunarbætur frá 19. janúar 1993, BGBI. nr. 110/1993, eins og þeim var breytt að því er varðar umönnunargreiðslur frá slysatryggingastofnunum ef rekja má örorkuna til vinnuslyss eða atvinnusjúkdóms.

Lög um atvinnuleysisstryggingar frá 13. desember 1977, BGBI. nr. 609/1977, ásamt breytingum.

Lög um sérstakar bætur fyrir atvinnulaust eldra fólk frá 30. nóvember 1973, BGBI. nr. 642/1973, ásamt breytingum.

Lög um fjölskyldubætur frá 24. október 1967, BGBI. nr. 376/1967, ásamt breytingum, að undanskildum almenna hlutanum um fæðingarbætur.

Löggjöf varðandi sjúkra- og slysa- framfærslustofnanir fyrir opinbera starfsmenn.

Löggjöf varðandi trygginga- og framfærslustofnanir fyrir lyfsala, þar á meðal félagsmálasjóðir.

Lög um viðbótarákvæði vegna beitingar reglugerðar (EBE) á sviði almannatrygginga, BGBI. nr. 154/1994, ásamt breytingum.

II. Sérstakar bætur óháðar iðgjöldum sem um getur í 2. mgr. a í 4. gr. reglugerðarinnar.**1) Jöfnunarviðbót:**

Lög um almannatryggingar frá 9. september 1955, BGBI. nr. 189/1955, ásamt breytingum.

Lög um almannatryggingar þeirra sem starfa í verslun og viðskiptum frá 11. október 1978, BGBI. nr. 560/1978, ásamt breytingum.

Lög um almannatryggingar bænda frá 11. október 1978, BGBI. nr. 559/1978, ásamt breytingum.

2) Umönnunarbætur:

Sambandslög um umönnunarbætur frá 19. janúar 1993, BGBI. nr. 110/1993, eins og þeim var breytt að því er varðar umönnunargreiðslur frá slysatryggingastofnunum ef rekja má örorkuna til vinnuslyss eða atvinnusjúkdóms.

III. Lágmarksbætur sem um getur í 50. gr. reglugerðarinnar

Engar.

IV. Bætur sem um getur í 77. og 78. gr. reglugerðarinnar

1) Bætur sem um getur í 77. gr. reglugerðarinnar

a) Viðbætur vegna barna sem eru á framfæri lífeyrisþega:

Lög um almannatryggingar frá 9. september 1955, BGBI. nr. 189/1955, ásamt breytingum.

Lög um almannatryggingar þeirra sem starfa í verslun og viðskiptum frá 11. október 1978, BGBI. nr. 560/1978, ásamt breytingum.

Lög um almannatryggingar bænda frá 11. október 1978, BGBI. nr. 559/1978, ásamt breytingum.

Lög um almannatryggingar lögbókenda frá 3. febrúar 1972, BGBI. nr. 66/1972, ásamt breytingum.

b) Fjölskyldubætur til ellilífeyris- og örorkubótaþega, vegna vinnuslysa eða atvinnusjúkdóma:

Lög um fjölskyldubætur frá 24. október 1967, BGBI. nr. 376/1967, ásamt breytingum.

2) Bætur sem um getur í 78. gr. reglugerðarinnar

a) Bætur til munaðarleysingja, að undanskildum þeim sem er úthlutað af tryggingakerfum vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma.

Lög um almannatryggingar frá 9. september 1955, BGBI. nr. 189/1955, ásamt breytingum.

Lög um almannatryggingar þeirra sem starfa í verslun og viðskiptum frá 11. október 1978, BGBI. nr. 560/1978, ásamt breytingum.

Lög um almannatryggingar bænda frá 11. október 1978, BGBI. nr. 559/1978, ásamt breytingum.

Lög um almannatryggingar lögbókenda frá 3. febrúar 1972, BGBI. nr. 66/1972, ásamt breytingum.

Löggjöf varðandi trygginga- og framfærslustofnanir fyrir lyfsala, þar á meðal félagsmálasjóðir.

b) Fjölskyldubætur til munaðarleysingja:

Lög um fjölskyldubætur frá 24. október 1967, BGBI. nr. 376/1967, ásamt breytingum.

FINNLAND

I. Löggjöf og reglur sem um getur í 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar

a) Bætur vegna veikinda, meðgöngu og fæðingar

Lög um sjúkratryggingar

Lög um endurhæfingarþjónustu sem almannatryggingastofnanir veita

Grunnkerfi fyrir heilsugæslu

Sjúkrahúsþjónusta

b) Bætur vegna örorku:

Eftirlaunakerfi

Lög um eftirlaun

Lög um lífeyri til einstaklinga í lausamennsku

Lög um lífeyri til einstaklinga í tímabundnum störfum

Lög um lífeyri til sjálfstætt starfandi einstaklinga

Lög um lífeyri til bænda

Lög um lífeyri til sjómanna

Lög um lífeyri til opinberra starfsmanna

Lög um lífeyri til starfsmanna bæjar- og sveitafélaga

Lög um lífeyri til starfsmanna evangelísku-lútersku kirkjunnar

Lög um ellilífeyri

Lög um örorkulífeyri

c) Bætur vegna elli:

Eftirlaunakerfi

Lög um eftirlaun

Lög um lífeyri til einstaklinga í lausamennsku

Lög um lífeyri til einstaklinga í tímabundnum störfum

Lög um lífeyri til sjálfstætt starfandi einstaklinga

Lög um lífeyri til bænda

Lög um lífeyri til sjómanna

Lög um lífeyri til opinberra starfsmanna

Lög um lífeyri til starfsmanna bæjar- og sveitafélaga

Lög um lífeyri til starfsmanna evangelísku-lútersku kirkjunnar

Lög um ellilífeyri

d) Bætur til eftirlifenda

Eftirlaunakerfi

Lög um eftirlaun

Lög um lífeyri til einstaklinga í lausamennsku

Lög um lífeyri til einstaklinga í tímabundnum störfum

Lög um lífeyri til sjálfstætt starfandi einstaklinga

Lög um lífeyri til bænda

Lög um lífeyri til sjómanna

Lög um lífeyri til opinberra starfsmanna

Lög um lífeyri til starfsmanna bæjar- og sveitafélaga

Lög um lífeyri til starfsmanna evangelísku-lútersku kirkjunnar

Lög um eftirlifendabætur

e) Bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma

Lög um vinnuslysatriggingar

Lög um slysbætur til ríkisstarfsmanna

Lög um atvinnusjúkdóma

Lög um slysatriggingar fyrir bændur

Lög um hernaðarslys

Lög um bætur frá atvinnuslysatriggingum vegna endurhæfingar

f) Dánarbætur:

Eftirlaunakerfi

Útfararstyrkur

Lög um eftirlaun

Lög um lífeyri til sjálfstætt starfandi einstaklinga

Lög um lífeyri til bænda

Lög um ellilífeyri

Lög um vinnuslysatryggingar

g) Atvinnuleysisbætur

Lög um atvinnuleysisbætur

h) Fjölskyldubætur

Lög um barnabætur

Lög um ellilífeyri

Lög um umönnunarbætur vegna barna

II. Sérstakar bætur óháðar iðgjöldum sem um getur í 2. mgr. a í 4. gr. reglugerðarinnar.

a) Umönnunarbætur vegna barna (Lög um umönnunarbætur vegna barna, 444/69)

b) Örorkubætur (Lög um örorkubætur, 124/88)

c) Húsnæðisbætur til lífeyrisþega (Lög um húsnæðisbætur til lífeyrisþega, 591/78)

d) Grunnatvinnuleysisbætur (Lög um atvinnuleysisbætur, 602/84) í þeim tilvikum þar sem einstaklingur uppfyllir ekki samsvarandi skilyrði fyrir tekjutengdar atvinnuleysisbætur.

III. Lágmarksbætur sem um getur í 50. gr. reglugerðarinnar

Engar

IV. Bætur sem um getur í 77. gr. reglugerðarinnar

Lög um ellilífeyri: Hækkun vegna barna

V. Bætur sem um getur í 78. gr. reglugerðarinnar

Munaðarleysingjabætur

Eftirlaunakerfi

Lög um eftirlaun

Lög um lífeyri til einstaklinga í lausamennsku

Lög um lífeyri til einstaklinga í tímabundnum störfum

Lög um lífeyri til sjálfstætt starfandi einstaklinga

Lög um lífeyri til bænda

Lög um lífeyri til sjómanna

Lög um lífeyri til opinberra starfsmanna

Lög um lífeyri til starfsmanna bæjar- og sveitafélaga

Lög um lífeyri til starfsmanna evangelísku-lútersku kirkjunnar

Eftirlífendabætur

ÍSLAND

- I. Löggjöf og reglur sem vísað er til í 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71
- a) Bætur vegna sjúkdóma og meðgöngu:
- Lög um almannatryggingar (117/1993)
 - Lög um heilbrigðisþjónustu (97/1990 með síðari breytingum)
 - Lög um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands (35/1980)
 - Lög um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra (18/1984)
 - Lög um málefni aldraðra (82/1989 með síðari breytingum)
 - Lög um ónæmisaðgerðir (38/1978 með síðari breytingum)
 - Sóttvarnarlög (34/1954 með síðari breytingum)
 - Farsóttalög (10/1958 með síðari breytingum)
 - Berklavarnalög (66/1939 með síðari breytingum)
 - Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir (25/1975)
 - Lög um varnir gegn kynsjúkdómum (16/1978 með síðari breytingu)
- b) Bætur vegna örorku:
- Lög um almannatryggingar (117/1993)
 - Lög um eftirlaun til aldraðra (2/1985 með síðari breytingum)
 - Lög um lífeyrissjóð bænda (50/1984 með síðari breytingum)
 - Lög um lífeyrissjóð sjómanna (49/1974 með síðari breytingum)
 - Lög um söfnunarsjóð lífeyrisréttinda (95/1980 með síðari breytingum)
- c) Bætur vegna elli:
- Lög um almannatryggingar (117/1993)
 - Lög um málefni aldraðra (82/1989 með síðari breytingum)
 - Lög um eftirlaun til aldraðra (2/1985 með síðari breytingum)
 - Lög um lífeyrissjóð bænda (50/1984 með síðari breytingum)
 - Lög um lífeyrissjóð sjómanna (49/1974 með síðari breytingum)
 - Lög um söfnunarsjóð lífeyrisréttinda (95/1980 með síðari breytingum)
- d) Bætur til eftirlifenda:
- Lög um almannatryggingar (117/1993)
 - Lög um eftirlaun til aldraðra (2/1985 með síðari breytingum)
 - Lög um lífeyrissjóð bænda (50/1984 með síðari breytingum)
 - Lög um lífeyrissjóð sjómanna (49/1974 með síðari breytingum)
 - Lög um söfnunarsjóð lífeyrisréttinda (95/1980 með síðari breytingum)
- e) Bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma:
- Lög um almannatryggingar (117/1993)
- f) Dánarbætur
-
- g) Atvinnuleysisbætur

Lög um atvinnuleysisstryggingar (93/1993 með síðari breytingum)

h) Fjölskyldubætur:

Lög um tekjuskatt og eignarskatt (69. gr., 75/1981 með síðari breytingum)

i) Skráning, skyldulífeyrisréttindi og lífeyrissjóðsiðgjöld:

Lög um skráningu lífeyrisréttinda (91/1980 með síðari breytingum)

Lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda (55/1980 með síðari breytingum)

Lög um tryggingagjald (113/1990 með síðari breytingum)

II. Lágmarksbætur skv. 50 gr. reglugerðar EBE nr. 1408/71

-

III. Bætur skv. 77. gr. reglugerðar EBE nr. 1408/71

Lög um almannatryggingar (117/1993)

IV. Bætur skv. 78. gr. reglugerðar EBE nr. 1408/71

Lög um almannatryggingar (117/1993)

NOREGUR

I. Löggjöf og reglur sem um getur í 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar

a) Bætur vegna veikinda, meðgöngu og fæðingar

Lög um umönnun geðsjúkra, nr. 2 frá 28. apríl 1961

Lög um almannatryggingar, nr. 12 frá 17. júní 1966, að undanskildum greinum 3A-8, 3A-14 og þriðju málsgrein greinar 10-2

Lög um sjúkrahús, nr. 57 frá 19. júní 1969

Lög um heilsugæslu sveitarfélaga, nr. 66 frá 19. nóvember 1982

b) Bætur vegna örorku:

Lög um almannatryggingar, nr. 12 frá 17. júní 1966

Lög um ákveðnar viðbætur við bætur frá almannatryggingakerfinu, nr. 61 frá 19. júní 1969

c) Bætur vegna elli:

Lög um lífeyristryggingakerfi til sjófarenda, nr. 7 frá 3. desember 1948

Lög um lífeyristryggingar til starfsmanna í skógrækt, nr. 2 frá 3. desember 1951

Lög um lífeyristryggingar til sjómanna, nr. 12 frá 28. júní 1957

Lög um lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, nr. 12 frá 22. júní 1962

Lög um almannatryggingar, nr. 12 frá 17. júní 1966

Lög um ákveðnar viðbætur við bætur frá almannatryggingakerfinu, nr. 61 frá 19. júní 1969

d) Bætur til eftirlifenda:

Lög um almannatryggingar, nr. 12 frá 17. júní 1966

Lög um ákveðnar viðbætur við bætur frá almannatryggingakerfinu, nr. 61 frá 19. júní 1969

- e) Bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma:

Lög um almannatryggingar, nr. 12 frá 17. júní 1966
Lög um vinnuslys, nr. 65 frá 16. júní 1989

- f) Dánarbætur:

Lög um almannatryggingar, nr. 12 frá 17. júní 1966

- g) Atvinnuleysisbætur:

Lög um almannatryggingar, nr. 12 frá 17. júní 1966

- h) Fjölskyldubætur:

Lög um fjölskyldugreiðslur, nr. 2 frá 24. október 1946

- II. Sérstakar bætur óháðar iðgjöldum sem um getur í 2. mgr. a í 4. gr. reglugerðarinnar

Lög um almannatryggingar, nr. 12 frá 17. júní 1966 (greinar 8-2, 8-4 sbr. 7-3 og 6-6, 10-2 og 10-3)

- III. Lágmarksbætur eins og um getur í 50. gr. reglugerðarinnar

Lög um almannatryggingar, nr. 12 frá 17. júní 1966 (grein 7-2)
Lög um ákveðnar viðbætur við bætur frá almannatryggingakerfinu, nr. 61 frá 19. júní 1969

- IV. Bætur sem um getur í 77. gr. reglugerðarinnar

Lög um almannatryggingar, nr. 12 frá 17. júní 1966 (greinar 7-8, 7-8A og 8-8)

- V. Bætur sem um getur í 78. gr. reglugerðarinnar

Lög um almannatryggingar, nr. 12 frá 17. júní 1966 (grein 10-11)
Lög um ákveðnar viðbætur við bætur frá almannatryggingakerfinu, nr. 61 frá 19. júní 1969

SVÍÐJÓÐ

- I. Lögjöf og reglur sem um getur í 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar

- a) Bætur vegna veikinda, meðgöngu og fæðingar:

Bætur greiddar í fríðu vegna veikinda, meðgöngu og fæðingar

Lög um almannatryggingar (1962:381) (2. kafli um sjúkrabætur og 22. kafli um endurhæfingu)

Lög um heilsugæslu og læknaþjónustu (1982:763)

Lög um undirstöðuumönnun í sveitarfélögum (tilraunastarfsemi) (1991:1136)

Lög um tannlæknaþjónustu (1985:125)

Lög um heimilislækna (1993:588)

Lög um að takmarka lyfjakostnað o.s.frv. (1981:49)

Lög um endurgreiðslu ferðakostnaðar (heilsuvernd)

Reglugerð (1984:908) varðandi tiltekna greiðslur til heilbrigðisyfirvalda frá sjúkratryggingum samkvæmt lögum um almannatryggingar (1962:381)

Lög um læknaþjónustu (bætur) (1993:1651)

Lög um sjúkraþjálfun (bætur) (1993:1652)
Reglugerð um heilsuvernd (bætur) (1993:1663)
Reglugerð um sjúkraþjálfun (bætur) (1993:1664)
Áætlun um gjaldskrá tannlækna (1973:638)
Reglugerð (1991:1046) varðandi bætur frá sjúkratryggingum samkvæmt lögum um almannatryggingar (1962:381) í formi styrkja vegna hjálpartækja á vinnustað
Reglugerð um hjálpartæki á vinnustað (1987:409)
Lög um sjómenn (1973:282)
Reglugerð um landamæraheilsugæslu (1962:390)
Lög um tilhögun bílastyrkja (fatlaðir einstaklingar) (1988:360)
Reglugerð um tilhögun bílastyrkja (fatlaðir einstaklingar) (1988:890)
Lög um aðstoðarbætur (1993:389)
Lög um menntamál (1985:1100) (14. kafli um heilsugæslu í skólum)

Sjúkrabætur greiddar í peningum

Lög um almannatryggingar (1962:381) (3. kafli um sjúkrabætur greiddar í peningum og bætur greiddar í peningum vegna meðgöngu og fæðingar, 21. kafli um valfrjálsa sjúkrabótatryggingu greidda í peningum og 22. kafli um endurhæfingarbætur greiddar í peningum
Lög um veikindagreiðslur (1991:1047)
Lög um bætur (smitberar) (1989:225)
Reglugerð um endurhæfingarbætur greiddar í peningum (1991:1321)

Bætur greiddar í peningum vegna meðgöngu og fæðingar

Lög um almannatryggingar (1962:381) (4. kafli um peningabætur til foreldra vegna fæðingar og tímabundnar peningabætur til foreldra sbr. þátt 10 (4))

b) Bætur vegna örorku:

Lög um almannatryggingar (1962:381) (7. og 13. kafli um örorkulífeyri og 2. og 3. þáttur 9. kafla um greiðslur vegna fötlunar hvað varðar greiðslur vegna fötlunar sem eru hluti af lífeyrisviðbót)
Lög um lífeyrisviðbót (1969:205)
Lög um viðbætur vegna eiginkvenna og húsnæðisbætur í sveitarfélögum varðandi viðbætur vegna eiginkvenna (grunnlífeyrir) (1962:392)

c) Bætur vegna elli:

Lög um almannatryggingar (1962:381) (6. og 12. kafli um ellilífeyri)
Lög um lífeyrisviðbót (1969:205)
Lög um grundvallarlífeyri (viðbætur vegna langvarandi umönnunar veiks eða fatlaðs barns) (1990:773)
Lög um viðbætur vegna eiginkvenna og húsnæðisbætur í sveitarfélögum varðandi viðbætur vegna eiginkvenna (grunnlífeyrir) (1962:392)
Reglugerð um niðurfellingu yfirlýsingar (1972:412) um sjómannalífeyri, hvað varðar hefðbundnar lífeyrisgreiðslur til sjómanna eins og kveðið er á um í nefndri yfirlýsingu

d) Bætur til eftirlifenda:

Lög um almannatryggingar (1962:381) (8. og 14. kafli um eftirlifendabætur fyrir fullorðna)
Lög um lífeyrisviðbót (1969:205)

- e) Bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma:
Lög um vinnuslysstryggingar (1976:380)
- f) Dánarbætur:
Lög um vinnuslysstryggingar (1976:380) (1. hluti 5. kafla um útfararætur)
- g) Atvinnuleysisbætur:
Lög um atvinnuleysistryggingu (1973:370)
Lög um aðstoð við vinnumarkaðinn sem greidd er í peningum (1973:371)
- h) Fjölskyldubætur:
Lög um grunnbarnabætur (1947:529)
Lög um barnabótaauka (1986:378)
Lög um námsaðstoð (1973:349) (3. kafli um reglur um námsstyrki og bótaauka)
Lög um húsnæðisbætur (1993:737) varðandi húsnæðisbætur í formi sérstakra bóta til barnafjölskyldna
Lög um almannatryggingar (1962:381) (8. og 14. kafli um barnabætur og 1. hluti 9. kafla, eins og hann var skrifaður fyrir 1. janúar 1990, um barnabótaauka)
- i) Tryggingar, kostnaður o.s. frv.
Lög um almannatryggingar (1962:381) (1., 5., 10., 11., 15. -17. og 20. kafli)
Lög um útreikning lífeyristekna (1959:551) samkvæmt lögum um almannatryggingar (1962:381)
Reglugerð um undanþágu frá sænsku félagslegu tryggingalöggjöfni vegna atvinnu erlendis (1985:73)
Lög um almannatryggingar (1962:381) (19. kafli)
Lög um gjaldskrá almannatrygginga (1981:691)
Lög um gjaldskrá almannatrygginga (lækkun) (1990:912)
Lög um gjaldskrá almannaþjúkratrygginga (1992:1745)
Lög um atvinnuleysisbætur greiddar í peningum (almennt fjármögnunargjald) (1993:1441)
Lög um gjaldskrá almannatrygginga (greiðslur frá atvinnurekendum) (1984:668)
Lög um innheimtu skatta (1953:272)

II. Sérstakar bætur óháðar iðgjöldum sem um getur í 2. mgr. a í 4. gr. reglugerðarinnar.

1. Umönnunarbætur (Lög um almannatryggingar (1962:381) hluti 4 - 4b í 9. kafla)
2. Bætur vegna fötlunar sem eru ekki greiddar í formi lífeyrisauka (Lög um almannatryggingar (1962:381) 2. hluti 5. kafla og 2. og 3. hluti 9. kafla)
3. Lög um húsnæðisbætur sveitarfélaga (bætur vegna eiginkvenna og húsnæðisbætur í sveitarfélögum (grunnlífeyrir) (1962:392))

III. Lágmarksbætur sem um getur í 50. gr. reglugerðarinnar

Engar

IV. Bætur sem um getur í 77. og 78. gr. reglugerðarinnar

a) Bætur samkvæmt 77. gr.:

Fjölskyldubætur eins og um getur í 1. lið h-liðar hér að framan.

b) Bætur samkvæmt 78. gr.:

Barnabætur samkvæmt 8. og 14. kafla laga um almannatryggingar (1962:381) og barnabótaauka samkvæmt 1. hluta 9. kafla í sömu lögum, eins og hann var skrifaður fyrir 1. janúar 1990.

EFTA DÓMSTÓLLIN

Dómur dómstólsins

94/EES/59/15

frá 16. desember 1994

í máli E-1/94 Ravintoloitsijain Liiton Kunstannus Oy Restamark
Frjálsir vöruflutningar⁽¹⁾

Ráðgefandi álit

(Mál dómtækt - Frjálsir vöruflutningar - Ríkiseinkasala - Einkaleyfi á innflutningi - 11., 13. og 16. gr. EES - samningsins (EES) - Nægilega skýr og óskilyrt)

1. Ákvæði 11. gr. EES verður að skýra svo að það banni í aðildarríki ráðstafanir sem fela í sér að ríkiseinkasölur hafi einkaleyfi á innflutningi á áfengi, að svo miklu leyti sem EES-samningurinn tekur til þess og það er upprunnið í aðildarríkjum samningsins, eða beitingu ákvæða landsréttar, sem varða viðskipti á EES-svæðinu, og mæla fyrir um samþykki ríkiseinkasölnnar fyrir innflutningi og frjálsri dreifingu slíkrar vöru, þótt samþykki sé veitt sjálfkrafa. Þá verða slíkar ráðstafanir ekki réttlættar á grundvelli 13. gr. EES á þeim grundvelli einum að þær miði að því að draga úr skaðsemi áfengisneyslu fyrir heilsu neytenda, þar sem unnt er að ná því markmiði með ráðstöfunum, sem fela í minna mæli í sér hindrun á vöruflutningum.
2. 16. gr. EES verður að skýra svo að frá og með 1. janúar 1994 beri að breyta ríkiseinkasölum, sem bókun 8 við EES-samninginn tekur ekki til, þannig að afnumið sé einkaleyfi á innflutningi til eins samningsríkis frá öðru á þeim vörum, sem einkaleyfið tekur til.
3. Skýra verður 16. gr. þannig, að hún uppfylli það skilyrði, sem felst í bókun 35 við EES-samninginn, um að vera nægilega skýr og óskilyrt.“

⁽¹⁾ Sjá Stjttö. EB nr. C 199, 21. 7. 1994, bls 9.

Beiðni um ráðgefandi álit frá Markedsráðet samkvæmt 94/EES/59/16
ákvörðunum þess dómstóls frá 28. október og 28. desember 1994 í máli
Forbrugerombudet gegn Mattel Norge A/S og Mattel Scandinavia A/S

(Mál E-8/94)

Beiðni hefur verið send EFTA-dómstólnum samkvæmt ákvörðunum frá 28. október og 28. desember 1994 frá Markedsráðet (markaðsráðið) í Noregi, sem bárust skrifstofu dómstólsins þann 28. desember 1994, um ráðgefandi álit í máli Forbrugerombudet (umboðsmaður neytenda) gegn Mattel Norge A/S og Mattel Scandinavia A/S, að því er varðar eftirfarandi spurningar:

1. Ber að túlka tilskipun ráðsins 89/552/EBE um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur á þann hátt að verið sé að hindra móttökuríkið í því að beita innlendum ákvæðum sem kveða á um að heimilt sé að banna auglýsanda að nota auglýsingu sem sérstaklega er ætlað að höfða til barna í útsendingu sem er sérstaklega beint til Noregs frá öðru EES-ríki?
2. Ber að túlka 36. gr. EES-samningsins um frelsi til að veita þjónustu á þann hátt að verið sé að hindra móttökuríkið í því að beita innlendum ákvæðum sem kveða á um að heimilt sé að banna auglýsanda að nota auglýsingu sem sérstaklega er ætlað að höfða til barna í útsendingu sem er sérstaklega beint til Noregs frá öðru EES-ríki?
3. Samrýmist beiting 1. hluta laganna um eftirlit með markaðssetningu, samanber einnig 3-1 hluta útvarpslaganna, 11. og 13. gr. EES-samningsins um magntakmarkanir á innflutningi?

Beiðni um ráðgefandi álit frá Markedsráðet samkvæmt 94/EES/59/17
ákvörðunum þess dómstóls frá 28. október og 28. desember 1994 í máli
Forbrugerombudet gegn Lego Norge A/S

(Mál E-9/94)

Beiðni hefur verið send EFTA-dómstólnum samkvæmt ákvörðunum frá 28. október og 28. desember 1994 frá Markedsráðet (markaðsráðið) í Noregi, sem bárust skrifstofu dómstólsins þann 28. desember 1994, um ráðgefandi álit í máli Forbrugerombudet (umboðsmaður neytenda) gegn Lego Norge A/S, að því er varðar eftirfarandi spurningar:

1. Ber að túlka tilskipun ráðsins 89/552/EBE um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur á þann hátt að verið sé að hindra móttökuríkið í því að beita innlendum ákvæðum sem kveða á um að heimilt sé að banna auglýsanda að nota auglýsingu sem sérstaklega er ætlað að höfða til barna í útsendingu sem er sérstaklega beint til Noregs frá öðru EES-ríki?
2. Ber að túlka 36. gr. EES-samningsins um frelsi til að veita þjónustu á þann hátt að verið sé að hindra móttökuríkið í því að beita innlendum ákvæðum sem kveða á um að heimilt sé að banna auglýsanda að nota auglýsingu sem sérstaklega er ætlað að höfða til barna í útsendingu sem er sérstaklega beint til Noregs frá öðru EES-ríki?
3. Samrýmist beiting 1. hluta laganna um eftirlit með markaðssetningu, samanber einnig 3-1 hluta útvarpslaganna, 11. og 13. gr. EES-samningsins um magntakmarkanir á innflutningi?

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans 94/EES/59/18 Mál þar sem framkvæmdastjórnin hreyfir engum andmælum

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað Portúgal að leggja fram aðstoðaráætlun fyrir LMF fyrir árið 1994 vegna uppsetningar á hraðatakmarkunarbúnaði í tiltekna flokka ökutækja, ríkisaðstoð nr. N 474/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 389, 31. 12. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað Breska konungsríkinu að veita ábyrgð á viðskiptakjörum vegna leigu á 41 rafknúna farartæki (Electrical Multiple Units, skammstafað EMUs) í flokki 465 til notkunar í svæðis- og staðbundinni fólksflutningaþjónustu í suðausturhluta Breska konungsríkisins, ríkisaðstoð nr. N 569/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 389, 31. 12. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðina sem Portúgal lagði til til að auka fjárframlög vegna aðstoðaráætlunar um að færa viðskipti í nútímalegt horf, ríkisaðstoð nr. N 224/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 389, 31. 12. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað nýju fjárhagsáætlunina sem Spánn lagði til vegna aðstoðar til að bæta mannaud í LMF, ríkisaðstoð nr. N 263/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 389, 31. 12. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðina sem Spánn lagði til til að stuðla að atvinnu í fyrirtækjum, samvinnufélögum og hjá sjálfstætt starfandi einstaklingum, ríkisaðstoð nr. N 275/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 389, 31. 12. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðina sem Spánn lagði til til að skapa ný störf, ríkisaðstoð nr. N 299/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 389, 31. 12. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað spænsku aðstoðaráætlunina til að stuðla að nýsköpun í atvinnurekstri, ríkisaðstoð nr. N 325/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 389, 31. 12. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað spænsku aðstoðaráætlunina til að stuðla að endurbótum í atvinnurekstri, ríkisaðstoð nr. N 327/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 389, 31. 12. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað nýju fjárhagsáætlunina sem Spánn lagði til vegna aðstoðaráætlunar á sviði iðnaðar, ríkisaðstoð nr. N 335/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 389, 31. 12. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Þýskaland lagði til vegna leiðbeininga sem gerðar voru af sambandsríkinu Brandenburg um aðstoð til byggðaþróunar, ríkisaðstoð nr. N 343/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 389, 31. 12. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðina sem Spánn lagði til til að stuðla að fjárfestingum á sviði ferðamála, ríkisaðstoð nr. N 431/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 389, 31. 12. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað nýju fjárhagsáætlunina sem Spánn lagði til til stuðnings ferðamálum, ríkisaðstoð nr. N 439/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 389, 31. 12. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðina sem Spánn lagði til til að stuðla að ráðningu ungs fólks í störf, ríkisaðstoð nr. N 443/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 389, 31. 12. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðina sem Spánn lagði til vegna þjálfunar og atvinnu í tengslum við verkefni í þágu almennra hagsmuna, ríkisaðstoð nr. N 453/94 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 389, 31. 12. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað nýju fjárhagsáætlunina sem Spánn lagði til vegna aðstoðaráætlunar sem ætluð er til að hvetja til hagkvæmra rannsókna LMF á Kanaríeyjum, ríkisaðstoð nr. N 479/94 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 389, 31. 12. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Breska konungsríkið lagði fram til að skapa atvinnu, ríkisaðstoð nr. N 544/94 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 389, 31. 12. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað hollensku styrkjaáætlunina í tengslum við umhverfistækni, ríkisaðstoð nr. N 548/94 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 389, 31. 12. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að ljúka máli er varðar franska skattaáætlun sem er til hagsbóta fyrir litlar bensínstöðvar, þar sem það fellur ekki undir 1. mgr. 92. gr., ríkisaðstoð nr. N 411/94 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 390, 31. 12. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að ljúka máli er varðar danska áætlun um fyrirkomulag á söfnun og förgun notaðra hjólbarða á umhverfisvænan hátt, þar sem það fellur ekki undir 1. mgr. 92. gr., ríkisaðstoð nr. N 684/93 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 390, 31. 12. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Danmörk lagði til vegna endurskipulagningar á rafmagnsfyrirtækinu SEAS, ríkisaðstoð nr. N 666/94 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 390, 31. 12. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðina sem Spánn lagði til til að hvetja til fjárfestinga í aðstöðu fyrir ferðamenn, ríkisaðstoð nr. N 638/94 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 390, 31. 12. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað þýska áætlun þar sem í boði eru styrkir til að setja upp orkuframleiðslubúnað sem gengur fyrir tréspónum og fyrir staðbundin hitaveitukerfi sem eru tengd þessum búnaði í Baden-Württemberg, ríkisaðstoð nr. N 586/94 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 390, 31. 12. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað þýska áætlun þar sem í boði eru lán með lágum vöxtum til fyrirtækja vegna umhverfisverndar og orkunýtni, ríkisaðstoð nr. N 563/d/94 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 390, 31. 12. 1994).

